Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	16 161	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	21 550	
Lilja Sigurðardóttir	32 325	
Lúðvík R. Kemp	64 649	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	18 857	
Magnús Magnússon, rithöfundur	32 325	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	32 325	
María Markan, óperusöngkona	51 383	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	16 161	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	16 161	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	32 325	
Oddný Wíum	16 161	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	21 583	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	26 937	
Ólafur Guðmundsson	32 325	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	64 649	
Ólafur Þorsteinsson, lækni	25 692	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	72 731	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	25 692	
Páll Pálsson	40 407	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	26 937	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	26 976	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	58 446	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	24 244	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símsstöðvarstjóri	40 407	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	21 550	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	53 157	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	26 937	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 325	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	

	Kr.	Kr.
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	29 226	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	31 406	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	40 406	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	35 969	
Sigurður Greipsson	65 426	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	21 550	
Sigurður Nordal, prófessor	65 030	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	16 161	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Sigurlás Nikulásson	64 649	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	15 703	
Sigursteinn Steinþórsson	40 407	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	16 161	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	39 258	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	21 550	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	16 161	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	16 161	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppspítala	26 937	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
Valgerður Kristjánsdóttir	16 161	
Valves Kárasón, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	16 161	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafr.m.	53 875	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	24 244	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Þórður Benediktsson	78 515	
Þorlákur Stefánsson	32 325	
Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 325	
Verðlagsuppbætur	1 656 000	
	<hr/>	
	Samtals	8 985 266
09 384 Ekkjur:		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	41 031	
Agnethe Kamban	69 678	
Ágústa Högnadóttir	15 703	
Ágústa Sigurðardóttir	26 937	
Anna Jakobína Árnadóttir	15 703	
Anna Ólafsdóttir	17 533	
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	21 550	
Anna Tómasdóttir	32 325	

	Kr.	Kr.
Árný Stígsdóttir	16 161	
Arnþrúður Daníelsdóttir	17 533	
Áslaug Nielsen	39 258	
Ásta Jónsdóttir	91 818	
Ásta Ólafsdóttir	32 325	
Ástríður Eggertsdóttir	26 937	
Ástríður Magnúsdóttir	16 161	
Björg Jónasdóttir	23 986	
Bryndís Þórarinsdóttir	36 595	
Dagbjört Guðjónsdóttir	25 692	
Dóra Þórarinsdóttir	39 258	
Elín Einarsdóttir	48 488	
Erla Stefánsson	64 649	
Eufemía Ólafsdóttir	67 344	
Fjóla Kristjánsdóttir	25 692	
Fríða Hlíðdal	116 778	
Guðbjörg Erlendsdóttir	32 325	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	26 937	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	41 031	
Guðfinna Blöndal	64 649	
Guðlaug Magnúsdóttir	68 280	
Guðný Halldórsdóttir	32 325	
Guðný Sigurðardóttir	26 937	
Guðný Vigfúsdóttir	32 325	
Guðríður Sigurðardóttir	16 161	
Guðrún Guðnadóttir	26 937	
Guðrún Jóhannesdóttir	16 161	
Guðrún P. Jónsdóttir	41 031	
Guðrún Pálsdóttir	37 712	
Guðrún Ragúels	16 161	
Halldóra Þórðardóttir	20 518	
Helga Friðbjarnardóttir	32 325	
Helga Hinriksdóttir	26 937	
Helga Pétursdóttir	40 407	
Hildur Blöndal	102 534	
Hildur Sivertsen	67 344	
Hjaltína Guðjónsdóttir	40 407	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	64 649	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	32 325	
Hulda Þ. Björnæs	32 370	
Indiana Sturludóttir	40 407	
Ingibjörg Björnsdóttir	21 342	
Ingibjörg Gamalielsdóttir	40 407	
Ingibjörg Högnadóttir	16 161	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	48 488	
Ingibjörg Karlsdóttir	66 961	
Ingunn Hlíðar	25 692	
Ingveldur Ólafsdóttir	16 161	
Jakobína Thorarensen	26 937	
Jóhanna Vigfúsdóttir	16 161	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	29 459	
Jónína Ásmundsdóttir	15 703	
Jónína Gissurardóttir	39 225	

	Kr.	Kr.
Jónína Kristjánsdóttir	40 407	
Karen Louise Jónsson	40 407	
Katrín Ingibergsdóttir	29 459	
Katrín Sveinsdóttir	48 488	
Kolbrún Jónsdóttir	80 811	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	16 161	
Kristín Helgadóttir	15 703	
Kristín Pálmadóttir	32 325	
Kristín Pálsdóttir	26 937	
Kristjana Bjarnadóttir	15 703	
Kristjana G. Einarsdóttir	19 628	
Kristólína Kragh	16 161	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	25 883	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	21 550	
Lára Svansdóttir	16 161	
Lára M. Vigfúsdóttir	53 875	
Lelía Stefánsson	80 811	
Lilja H. Arndal	53 875	
Lilja Jörundsdóttir	32 325	
Lilja Steinsen	94 280	
Lovisa Sveinbjörnsson	107 100	
Lydia Einarsson	67 344	
Mabel Sigurjónsson	53 875	
Magdalena Ásgeirsdóttir	16 161	
Málfríður Bjarnadóttir	16 161	
Margrét Árnadóttir	40 407	
Margrét Björnsdóttir	20 554	
Margrét Eyjólfsdóttir	32 325	
Margrét Guðbrandsdóttir	48 488	
Margrét Jónasdóttir	67 344	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	65 426	
Margrét L. Lárusdóttir	16 161	
Marta Oddsdóttir	16 161	
Melitta Urbancic	25 692	
Ólafía Finnbogadóttir	16 161	
Olga E. Jónsson	30 493	
Ólöf Bjarnadóttir	42 691	
Petrína Ottesen	40 406	
Ragnheiður Hafstein	64 649	
Ragnheiður Konráðsdóttir	26 937	
Rósa Þórarinsdóttir	26 937	
Sigríður Árnadóttir	96 974	
Sigríður Bjarnason	68 515	
Sigríður Einarsson	105 205	
Sigríður Gísladóttir	16 161	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	52 018	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	17 151	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar ..	32 325	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	40 407	
Sigrún Thorarensen	21 550	
Sigurbjörg Jónsdóttir	16 291	
Sigurlaug Jónsdóttir	40 407	
Sigurlaug Sigurðardóttir	32 325	

	Kr.	Kr.
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	30 493	
Sólveig Eggerz	90 433	
Stefanía Stefánsdóttir	33 543	
Steinunn P. Eyjólfsson	18 178	
Steinunn Tómasdóttir	26 937	
Svanborg Jónsdóttir	15 727	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	26 937	
Sveindís Hansdóttir	16 161	
Unnur Skúladóttir	65 426	
Valgerður Helgadóttir	26 976	
Valgerður Ólafsdóttir	24 397	
Vigdís Guðmundsdóttir	32 325	
Þóra Magnúsdóttir	21 550	
Þóra Sigfúsdóttir	16 161	
Þóra Sigurðardóttir	16 161	
Þóra Skaftason	16 161	
Þorbjörg Kjartansdóttir	40 407	
Þorbjörg Leifs	32 325	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	24 244	
Þórey Jóhannsdóttir	16 161	
Þórhildur Sveinsdóttir	16 161	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur ..	16 161	
Verðlagsuppbætur	1 138 000	
	<hr/>	
Samtals		6 173 804

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem endanlega var gengið frá fjárlagafrumvarpinu í lok ágústmánaðar, mótast það að sjálfsögðu af þeim horfum, sem þá voru um þróun í verðlagsmálum og launamálum. Þótt þá væri að vísu fyrirsjáanlegt, að sú þróun yrði með þeim hætti, að afkomu atvinnuvega yrði stefnt í hættu, ef sérstakar ráðstafanir yrðu ekki gerðar til þess að hafa hemil á verðlagsþróuninni, og viðræður væru um það leyti að hefjast milli ríkisstjórnar og samtaka launþega og vinnuveitenda um nauðsynlegar aðgerðir, þá var ekki auðið við gerð fjárlagafrumvarpsins að hafa hliðsjón af væntanlegum efnahagsaðgerðum. Kemur því frumvarpið til endurskoðunar undir meðferð þess í fjárveitinganefnd, þegar niðurstöður eru fengnar um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frumvarpið gefur vegar eftirtekta-verða mynd af áhrifum hinna miklu launa- og verðlagshækkana á hag ríkissjóðs. Er um mjög miklar hækkunir að ræða bæði tekna og gjalda megin, og sé gert ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir geti án beinnar aðstoðar ríkissjóðs staðið undir hinni miklu hækkun rekstrarkostnaðar, þá á ríkissjóður að geta mætt sínum útgjaldaauka án nýrra skatta.

Rúmlega þriðjungur útgjaldaaukningar ríkissjóðs stafar af hækkun launagjalda, en óbeint má segja, að launahækkunirnar valdi meginhluta allrar útgjaldaaukningarinnar, svo sem hækkun almannatrygginga og allra venjulegra rekstrarkostnaðarliða. Stafar hækkun gjalda að engu leyti af því, að slakað hafi verið á aðhaldi að ríkisstofnunum, og fjárbeiðnir bæði stofnana og ráðuneyta voru mjög verulega skornar niður. Hins vegar verða verulegar hækkunir vegna lögákveðinna útgjalda, m. a. vegna lagaákvæða frá síðasta þingi.

Ekki er í frumvarpinu áætlað neitt fé til að mæta launahækkunum vegna kjarasamninga við opinbera starfsmenn, sem nú standa yfir. Var ógerlegt að gera sér nokkra grein fyrir niðurstöðum þeirra samninga, þegar frumvarpið var samið. Á því stigi var heldur ekki hægt að áætla útgjöld vegna harðindaaðstoðar við bændur.

Með frumvarpinu fylgja drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1971. Er það fyrst og fremst gert til upplýsingar um viðfangsefni, sem þörf verði að afla fjár til auk framkvæmdafjár í fjárlögum, en ekki til endanlegrar ákvörðunar, því að framkvæmdaáætlunin mun að venju síðar verða lögð fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu.

Hér fer á eftir yfirlit um heildarbreytingar frá fjárlögum ársins 1970, sundurliðaðar í meginþætti og síðan sundurliðaðar skýringar á öllum einstökum breytingaliðum, auk ýmissa annarra upplýsinga, til þess að gera þingmönnum sem auðveldast að átta sig á frumvarpinu.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1970.

Gjaldahlið.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 10 039 916 þús. kr. á móti 8 187 384 þús. kr. á fjárlögum ársins 1970. Nemur heildarhækkunin því 1 852 532 þús. kr., eða 22.6%, þar af er hækkun sérst. tekjustofna, sem ráðstafað er til vissra aðila eða verkefna 244 092 þús. kr., eða 14.1%. Hækkun eiginlegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs, þ. e. að frátöldum ráðstöfuðum tekjustofnum, nemur þannig 1 608 440 þús. kr., eða 24.9% frá fjárlögum 1970. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1970 og fjárlagafrumvarpi 1971:

	Fjárlög '70 Þús. kr.	Frumvarp '71 Þús. kr.	Hækkun	
			Þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	8 187 384	10 039 916	1 852 532	22.6
Fyrirfr. ráðst. tekjustofnar	1 726 300	1 970 392	244 092	14.1
Útgj. án ráðst. tekjustofna	6 461 084	8 069 524	1 608 440	24.9

Í samræmi við lög nr. 73/1969 og reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, hafa orðið allverulegar breytingar frá fyrra ári á uppsetningu fjárlagafrumvarps. Eru þær fólgnar í fjölgun ráðuneyta og skiptingu stofnana og málefnaflokka á einstök ráðuneyti. Röð ráðuneyta í frumvarpinu er þó látin haldast eins og unnt er frá því sem áður var.

Í fjárlagafrumvarpinu er tekið tillit til þeirra launahækkana, sem orðið hafa frá síðustu áramótum til 1. september og þeirri hækkun dreift á einstakar stofnanir. Er hér um að ræða 3% meðaltalshækkun, er varð í marz 1970, 2.6% í júní, 15% í júlí og 4.2% í september. Þar að auki er á sérstökum fjárlagalið undir fjármála-ráðuneytinu áætluð upphæð vegna væntanlegrar verðlagsuppbóta á laun hinn 1. desember nk., svo og vegna áætlaðra verðlagsuppbóta á árinu 1971, sem gert er ráð fyrir, að dreift verði á einstakar stofnanir, áður en fjárlög verða samþykkt á Alþingi, en þá verður áætlunargrundvöllur orðinn skýrari. Hins vegar er ekki tekin með nein áætlunarupphæð vegna væntanlegra breytinga á launum opinberra starfsmanna, þar eð allt er í óvissu um niðurstöðu kjarasamninga þeirra, er standa yfir milli B.S.R.B. og fjármálaráðuneytisins, þegar þetta er skrifað. Er því einnig gert ráð fyrir viðeigandi breytingum í meðförum þingsins, þegar niðurstaða er fengin, sem verða mun í síðasta lagi 1. desember nk.

Eins og fyrr segir hækka eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs skv. frumvarpinu um rösklega 1 608 millj. kr., eða 24.9%, og skiptist hækkunin í meginatriðum þannig:

	Millj. kr.	%
Launahækkunir á yfirstandandi ári og áætluð visitöluuppbót árið 1971	580	9.0
Framlag til almannatrygginga	359	5.5
Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	90	1.4
Bygging skólamannvirkja	70	1.1
Byggingasjóður verkamanna	48	0.8
Fiskveiðisjóður	35	0.5
Lánasjóður ísl. námsmanna	33	0.5
Framlög vegna togaralána	30	0.5
Nettóhækkun á öllum öðrum liðum	363	5.6
	<hr/>	
	Samtals 1 608	24.9

Sé litið á breytingu einstakra útgjaldaflokka eftir þeirri meginskiptingu, sem gerð er í fjárlögum, sbr. 1. töflu í sérstökum yfirlitum hér að framan, er hundraðshlutaaukning hvers útgjaldaflokks frá fjárlögum 1970, að meðtöldum ráðstöfuðum tekjustofnum, sem hér segir:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1970
0 10 Laun	42.4
0 20 Önnur rekstrargjöld	11.0
0 27 Viðhald	11.5
0 70 Vextir	÷ 15.0
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	21.2
0 90 Yfirfærslur:	
91 Til fyrirtækja í B-hluta	20.9
92 Til sveitarfélaga	6.1
93 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17.4
94 Til einstaklinga og samtaka	17.1
	<hr/>
	Heildarhækkun 22.4

Loks sýnir eftirfarandi yfirlit aukningu útgjalda frá fjárlögum 1970 í hundraðshlutum, eftir hagrænu eðli, sbr. 4. töflu í kaflanum um sérstök yfirlit:

	Hækkun í % frá fjárl. 1970	
Kaup á vörum og þjónustu		28.0
Samneyzla	29.5	
Fjárfesting	21.2	
Tilfærslur		19.0
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	14.7	
Fjármagnstilfærslur	29.9	
	<hr/>	
Heildarhækkun		22.4

Verður nú gerð frekari grein fyrir því, í hverju breyting útgjalda í einstökum málefnaflokkum er fólgin frá fjárlögum 1970. Verður þar og sérstaklega getið, að hve miklu leyti tekjustofnar, sem fyrirfram er ráðstafað, hafa áhrif á útgjaldaþróunina árið 1971, og auk þess verður gerð grein fyrir heildaráhrifum launahækkana og verðlagsuppbóta á laun. Á eftir þessum hluta greinargerðarinnar verður fjallað nákvæmar um fjárreiður hinna ýmsu stofnana og breytingar á fjárveitingum til einstakra málefna. Ekki þykir þó ástæða til að rekja þar áhrif launahækkana og verðlagsuppbóta á útgjöld einstakra stofnana, en látið nægja að geta þess, þegar útgjaldabreytingar stafa af öðrum orsökum, svo sem breytingu á mannahaldi eða starfsemi stofnana að öðru leyti.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 10.5 m.kr. Launahækkanir og verðlagsuppbætur á laun eru 11.7 m.kr., en lækkun verður hjá Alþingi, þar sem niður fellur kostnaður vegna þings Norðurlandaráðs.

01 **Forsætisráðuneytið.** Útgjöld stofnana, er heyra undir forsætisráðuneytið, hækka um 6.7 m.kr., þar af eru launahækkanir og verðlagsuppbætur 2.2 m.kr. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins er tekin inn sérstök fjárveiting, 5.0 m.kr., til nauðsynlegra breytinga á Arnarhvoli vegna hinna nýju ráðuneyta, en ráðgert er, að starfsemi tollstjóra og Hagstofu Íslands flytjist í annað húsnæði á árinu. Á hinn bóginn lækkar fjárveiting til húsameistara ríkisins um 1.5 m.kr., einkum vegna þess, að byggingaefirlitið verður hluti af framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins í samræmi við lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Að öðru leyti eykst kostnaður við stofnanir ráðuneytisins um samtals 1.0 m.kr.

02 **Menntamálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	7.6	—
Fræðslumál	436.4	13.5
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	22.8	÷4.9
	<hr/>	
	466.8	8.6

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur á laun nema 3.0 m.kr. Að öðru leyti er um að ræða aukningu kostnaðar við skólarannsóknir, 2.3 m.kr., vegna útfærslu á starfsemi og við aðalskrifstofu ráðuneytisins, 1.9 m.kr., sökum vanáætlunar í fjárlögum 1970. Þá hækkar kostnaður við fjármáladeild um 1.7 m.kr., en deildin tekur við starfsemi fjármálaeftirlits skóla, og loks lækkar kostnaður við byggingadeild um 1.3 m.kr., þar sem byggingaefirlitsstarfsemi færirst til framkvæmda eildar Innkaupastofnunar ríkisins skv. lögum um skipan opinberra framkvæmda.

Fræðslumál. Í þessum málaflokki nema launahækkunir og verðlagsuppbætur á laun samtals 199.6 m.kr., eða því nær helmingi heildarhækkunarinnar. Að öðru leyti er um eftirtaldar breytingar að ræða í meginatriðum: Kostnaður við skyldunámsstigið, barna- og gagnfræðaskóla, hækkun um 74.9 m.kr., er skiptist þannig, að kennslumagns- og almenn rekstrarkostnaðaraukning nemur 46.3 m.kr., hækkun byggingaframlaga 23.1 m.kr. og viðhalds 5.5 m.kr. Fjárveiting til Háskóla Íslands eykst um 47.8 m.kr., þar af byggingaframlag 30.0 m.kr. og 17.8 m.kr. einkum vegna fjölgunar kennaraliðs í samræmi við nýsettar reglugerðir um einstakar deildir háskólans. Framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækkar um 32.6 m.kr. vegna aukningar á námsaðstoð, sbr. nánari greinargerð í næsta hluta hér á eftir. Kostnaður við menntaskólana eykst um 31.7 m.kr., þar af rekstur 16.3 m.kr. sökum sívaxandi nemendafjölda, og byggingaframlög 15.4 m.kr. Kostnaður við ríkisútgáfu námsbóka hækkar um 15.0 m.kr., annars vegar vegna nýrra verkefna í nánum tengslum við skólarannsóknir og hins vegar vegna mikillar hækkunar á prentkostnaði. Tveir þriðju hlutar þessarar hækkunar eru bornir uppi af námsbókagjaldi, sem telst til ráðstafaðra tekjustofna og hækkar um 10.0 m.kr. Fjárveiting til iðnskóla hækkar um 9.9 m.kr., þar af rekstur 5.1 m.kr. og byggingar 4.8 m.kr. Framlög til Heyrnleysingjaskólans hækka um 6.5 m.kr., að mestu vegna húsbyggingar, og til fræðslumálaskrifstofunnar um 5.0 m.kr., einkum vegna aðstoðar við að jafna námsaðstöðu, kennaranámskeiða og framkvæmdar sundskyldu í skólum. Þá hækkar fjárveiting til vélskólans um 5.0 m.kr. og til tækniskólans um 4.8 m.kr. vegna mikillar kennslumagnsaukningar, og loks hækkar framlag til byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna um 3.5 m.kr., en hér er um ráðstafaðan tekjustofn að ræða, — einkaleyfisgjald Happpdrættis Háskóla Íslands.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Á þessum lið kemur fram 22.8 m.kr. hækkun, þar af 12.6 m.kr. vegna verðlagsuppbóta á laun. Þar fyrir utan hækkar framlag til félagsheimilassjóðs um 6.0 m.kr., framlög til lista um 2.1 m.kr. og til ýmissa annarra liða um 7.0 m.kr., en á fyrirfram ráðstöfuðum tekjustofnum kemur fram 4.9 m.kr. lækkun.

03 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárl. 1970
Yfirstjórn	5.4
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	6.2
Sendiráð	11.1
Alþjóðastofnanir	0.8

Samtals 23.5

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 5.4 m.kr., eru 2.0 m.kr. vegna verðlagsuppbóta á laun. Að öðru leyti stafar hækkunin af vanáætluðum rekstrarkostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins, svo sem nánar er skýrt í næsta hluta greinargerðarinnar, og auknum kostnaði við þátttöku í alþjóðaráðstefnum.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Verðlagsuppbætur á laun nema 5.1 m.kr., en að öðru leyti er einkum um að ræða kostnað við nauðsynlega viðgerð á kyndistöð o. fl.

Sendiráðin. Meginorsök hækkunarinnar, 11.1 m.kr., er sú, að nú er í fyrsta sinn tekin inn fjárveiting til rekstrar sendinefndar Íslands hjá EFTA í Genf, sem áætluð er 4.4 m.kr. Þá nema verðlagsuppbætur á laun vegna verðhækkana í viðkomandi löndum samtals 2.7 m.kr., og gert er ráð fyrir 1.2 m.kr. fjárveitingu til nauðsynlegra breytinga á sendiherrabústaðnum í Kaupmannahöfn. Hækkun af öðrum orsökum nemur samtals 2.8 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyrar:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.7	—
Búnaðarmál	131.6	0.3
Skólar	6.0	—
Samtals	138.3	0.3

Yfirstjórn. Hækkunin, 0.7 m.kr., á að mestu rætur að rekja til verðlagsupp-
bóta á laun.

Búnaðarmál. Af heildarhækkuninni, sem verður á þessum málefnaflokki, 131.6 m.kr., nema verðlagsuppbætur á laun 13.1 m.kr. Þá hækka uppætur á útfluttar landbúnaðarafurðir um 90.0 m.kr., jarðræktarframlög um 17.3 m.kr., framlag til Landnáms ríkisins um 7.5 m.kr., til búfjárræktar 2.6 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 1.1 m.kr.

Önnur mál. Hér er um að ræða búnaðarskólana tvo og Garðyrkjuskólann á Reykjum. Verðlagsuppbætur nema 2.0 m.kr., en að öðru leyti hækka byggingaframlög um 2.0 m.kr. og ýmsir rekstrarliðir um 1.1 m.kr. Þá lækka áætlaðar eigin tekjur um 0.9 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða þessar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	2.0	—
Útvegsból	35.9	2.8
Önnur mál	2.4	—
Samtals	40.3	2.8

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur á aðalskrifstofu ráðuneytisins nema 0.8 m.kr., en að öðru leyti er hækkunin fólgin í fjölgun starfsfólks og auknum nefndakostnaði, svo og hækkun rekstrarkostnaðar, samtals 1.2 m.kr. Hér er um nýtt ráðuneyti að ræða.

Útvegsból. Verðlagsuppbætur á þessum lið nema 13.8 m.kr. Framlag til Fiskveiðasjóðs, sem nú er tekið upp að nýju, er 35.0 m.kr., og kostnaður við rekstur Haf-
rannsóknastofnunar eykst um 2.7 m.kr. Á móti lækka framlög til aflatryggingarsjóðs um 8.4 m.kr. vegna áhafnadeildar, til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips um 6.8 m.kr. og á öðrum liðum verður 0.4 m.kr. nettólækkun.

Önnur mál. Hér er um að ræða skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, og af heildarhækkuninni, 2.4 m.kr., nema verðlagsuppbætur 1.1 m.kr. Að öðru leyti skýrist hækkunin af auknu viðhaldi og öðrum sameiginlegum kostnaði rannsóknastofnana atvinnuveganna á Keldnaholti, sem færast á skrifstofuna.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyting frá fjárl. 1970
Yfirstjórn	3.4
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	78.6
Kirkjumál	13.0
Samtals	95.0

Yfirstjórn. Hér nema verðlagsuppbætur 1.7 m.kr., sérstök fjárveiting vegna Alþingiskosninga 2.5 m.kr., en nettólækkun á öðrum liðum nemur 0.8 m.kr.

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Af þeirri 78.6 m.kr. hækkun, sem verður á þessum lið, nema verðlagshækkanir 57.4 m.kr. Kostnaður við embætti bæjarfógeta og sýslumanna hækkar um samtals 4.1 m.kr. Framlag til bifreiðaeftirlits hækkar um 6.3 m.kr., einkum vegna nýbyggingar, og hækka skoðunargjöld á móti. Fjárveiting til almanna hækka um 3.8 m.kr., til landhelgisgæzlu um 2.0 m.kr. vegna tækja-kaupa og til útgáfu nýs lagasafns um 2.2 m.kr. Loks nemur nettólækkun á öðrum liðum 2.8 m.kr.

Kirkjumál. Verðlagsuppbætur á laun nema 10.0 m.kr., og framlag til kristnisjóðs hækkar um 1.2 m.kr. Aðrir liðir hækka um samtals 1.8 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.1	—
Húsnæðismál	168.5	120.2
Önnur félagsmál	16.2	31.5
Samtals	184.6	151.7

Húsnæðismál. Hækkun framlags til húsnæðismála stafar því nær eingöngu af hækkun þeirra föstu tekjustofna, er renna til byggingasjóðs ríkisins, eða 120.2 m.kr., og af hækkuðu framlagi til byggingasjóðs verkamanna skv. nýjum lögum um húsnæðismál, 47.9 m.kr.

Önnur félagsmál. Framlög til þessa málefnaflokkis hækka um 16.2 m.kr., en þar sem ráðstafaðir tekjustofnar hækka um 31.5 m.kr., lækkar raunverulegt ríkisframlag í þrengri merkingu um 15.3 m.kr. Hækkun markaðra tekjustofna er sem hér segir: álgjald til atvinnuþjófnumarsjóðs 21.8 m.kr., erfðafjárskattur til erfðafjárskjóðs 3.0 m.kr., flöskugjald til styrktarsjóðs vangefinna 3.0 m.kr., skipulagsgjald til skipulagsstjóra 2.9 m.kr., sælgætisgjald til styrktarsjóðs fatlaðra og til aðstoðar við blinda 0.3 m.kr., gjald af seldum vindlingum til styrktarfélagsskattgjafna og fatlaðra 0.3 m.kr. og gjald af seldum vindlingum til Slysavarnafélags Íslands 0.2 m.kr. Helztu breytingar á ríkissjóðsframlögum í þrengri merkingu eru þær, að sérstakt framlag til atvinnuþjófnumarsjóðs lækkar um 20.0 m.kr., framlag til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga hækkar um 2.8 m.kr. og aðrir liðir hækka um samtals 1.9 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	3.9	—
Tryggingamál	406.7	48.2
Heilbrigðismál	90.3	2.2
Önnur mál	0.5	—
Samtals	501.4	50.4

Yfirstjórn. Þar sem hér er um nýtt ráðuneyti að ræða, kemur kostnaðurinn nú í fyrsta sinn inn á fjárlög, en aftur á móti er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á aðal-skrifstofu félagsmálaráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, svo sem skýrt er í næsta hluta greinargerðarinnar.

Tryggingamál. Útgjaldaaukning vegna almannatrygginga, þ. m. t. atvinnuleysis-tryggingar, nemur 406.7 m.kr. Sú tala inniheldur hlut hinna tryggðu og atvinnu-

rekenda, 48.2 m.kr., þannig að útgjaldaaukningin í þrengri merkingu nemur 358.5 m.kr. Skiptist hún þannig, að 135.4 m.kr. eru vegna lífeyristrygginga, 199.6 m.kr. vegna sjúkratrygginga og 23.5 m.kr. vegna atvinnuleysistrygginga, sbr. nánari skýringar síðar.

Heilbrigðismál. Af heildarhækkuninni, 90.3 m.kr., nema verðlagsuppbætur á laun 13.1 m.kr. Nettóframlag til ríkisspítalanna hækkar um 60.1 m.kr., þar af byggingar 30.8 m.kr. og rekstur 29.3 m.kr. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt að samþykkja einungis fjölgun starfsfólks, þegar um opnun nýrra sjúkradeilda er að ræða. Útgjaldaaukningin er í raun mun meiri en þessar tölur gefa til kynna, þar sem reksturinn er að verulegu leyti fjármagnaður með daggjöldum. Kostnaður við framfærslu fávita hækkar um 12.5 m.kr. og aðrir liðir um samtals 2.4 m.kr. Loks nemur hækkun ráðstafaðra tekjustofna samtals 2.2 m.kr., þ. e. hluti flöskugjalds til Hjartaverndar 1.0 m.kr., samúðarskeyti landssímans til minningarsjóðs Landspítalans 0.8 m.kr., sérlyfjagjald til sérlyfjaeftirlits 0.2 m.kr. og hluti gjalds af seldum vindlingum til Krabbameinsfélags Íslands 0.2 m.kr.

09 Fjármálaráðuneytið. Á málefnaflokkum, sem undir þetta ráðuneyti heyra, verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	5.4	—
Toll- og skattheimta	30.7	3.0
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	11.6	—
Önnur mál	222.1	1.0
Samtals	269.8	4.0

Yfirstjórn. Af þeirri 5.4 m.kr. hækkun, sem fram kemur á þessum málefnaflokki, stafa 3.9 m.kr. af verðlagsuppbótum á laun, en að öðru leyti er um að ræða almenna rekstrarkostnaðarhækkun.

Toll- og skattheimta. Verðlagsuppbætur nema samtals 25.1 m.kr., önnur kostnaðaraukning skattstofanna, þ. m. t. ríkisskattstjóri, 2.3 m.kr., framlag til byggingar tollstöðvar, þ. e. tollstöðvargjald af innflutningi, hækkar um 3.0 m.kr. og aðrir liðir um samtals 0.3 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Hér er eingöngu um að ræða verðlagsuppbætur.

Önnur mál. Verðlagsuppbætur í þessum málefnaflokki nema 1.5 m.kr., en að öðru leyti verða eftirtaldar breytingar: Inn er tekin sérstök fjárveiting til að standa undir áætluðum verðlagsuppbótum á laun í des. nk. og á árinu 1971, 150.0 m.kr., nýr liður vegna togaralána að fjárhæð 30.0 m.kr. Vextir af lánnum ríkissjóðs hækka um 26.5 m.kr., framlag til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 15.0 m.kr., fjárveiting til starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins skv. lögum um skipan opinberra framkvæmda nemur 4.7 m.kr., þar af tilfærsla af öðrum stofnunum 2.5 m.kr., og loks nemur nettóhækkun á öðrum liðum 0.6 m.kr. Á hinn bóginn lækka framlög til greiðslu á dagblöðum um 2.9 m.kr., til fasteignamats um 2.3 m.kr. og til endurnýjunar ríkisbifreiða um 1.0 m.kr., sbr. nánari skýringar í næsta hluta greinargerðarinnar.

10 Samgönguráðuneytið. Málefnaflokkar, sem tilheyra þessu ráðuneyti, breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	1.2	—
Vegamál	14.1	20.3
Önnur samgöngumál	54.9	1.0
Samtals	70.2	21.3

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur eru 0.4 m.kr. og aðrar hækkunar 0.8 m.kr.

Vegamál. Hækkun til vegamála skv. yfirlitinu hér að framan er 14.1 m.kr., en þar sem ráðstafaðir tekjustofnar hækka um 20.3 m.kr. felur það í sér 6.2 m.kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs. Hér er þó ekki um raunverulega lækkun að ræða, heldur er framlag til Kísilvegar, sem var 7.0 m.kr. árið 1970, fært yfir á lánaahreyfingar, og sérstakir styrkir til bætrar þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. hækka um 0.8 m.kr.

Önnur samgöngumál. Af heildarhækkuninni á þessum lið, 54.9 m.kr., nema verðlagsuppbætur 23.4 m.kr. Að öðru leyti hækka fjárveitingar til flugmála um 15.2 m.kr., einkum vegna aukinna framkvæmda og lánaendurgreiðslna, til veðurstofu vegna byggingar um 5.8 m.kr., til endurgreiðslu landshafnalána um 4.5 m.kr. og til ferðamálasjóðs um 4.0 m.kr. Nettóhækkun á öðrum liðum er 2.0 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneytið. Málefnaflokkar á vegum iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	1.5	—
Iðnaðarmál	17.9	2.5
Orkumál	22.4	2.6
	<hr/>	<hr/>
Samtals	41.8	5.1

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur nema 0.4 m.kr., en að öðru leyti er fyrst og fremst um að ræða mannaflaukningu í þessu nýja ráðuneyti.

Iðnaðarmál. Heildarhækkunin, 17.9 m.kr., skýrist þannig: Verðlagsuppbætur 3.8 m.kr., framlag til Iðnlánasjóðs 5.0 m.kr., mótfamlag vegna væntanlegrar tækni-aðstoðar frá S. þ. nýr liður, 6.0 m.kr., og heildarhækkun annarra liða 3.1 m.kr.

Orkumál. Verðlagsuppbætur í þessum málefnaflokki nema 6.5 m.kr. Fjárveiting til endurgreiðslu lána hjá Orkusjóði hækkar um 9.5 m.kr., til rafvæðingar í sveitum um 4.9 m.kr. og til Orkustofnunar, fyrir utan verðlagsuppbætur, um 1.4 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneytið. Helztu breytingar á málefnaflokkum, er tilheyra viðskiptaráðuneytinu, eru þessar:

	Breyting frá fjárl. 1970
Yfirstjórn	1.3
Niðurgreiðslur	÷ 5.0
Annað	1.3
	<hr/>
Samtals	÷ 2.4

Yfirstjórn. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins eru verðlagsuppbætur á laun 0.8 m.kr. og aðrar hækkunar 0.5 m.kr.

Niðurgreiðslur. Áætlun um niðurgreiðslur á vöruverði árið 1971 er miðuð við óbreytta niðurgreiðsluupphæð pr. magneiningu, og stafar hækkunin, 5.0 m.kr., af áætlaðri neytluminnkun miðað við reynslu ársins 1970.

13 Hagstofa Íslands. Af heildarhækkuninni, 2.5 m.kr., er 1.9 m.kr. verðlagsuppbætur á laun og 0.6 m.kr. vegna fyrirhugaðs flutnings í nýtt húsnæði.

14 Ríkisendurskoðun. Hækkunin, 3.3 m.kr., stafar af verðlagsuppbótum á laun, 2.3 m.kr., og fjölgun starfsfólks o. fl. 1.0 m.kr.

Tekjuhlið.

Efnahagsstofnunin hefur gert áætlun um tekjur ríkissjóðs árið 1971, sem byggð er á þjóðhagsspá stofnunarinnar fyrir það ár. Í höfuðdráttum er í þjóðhagsspánni gert ráð fyrir 5% vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna árið 1971 og 5—6% aukningu vöruútflutnings, þar af rösklega 4% aukningu sjávarvöruútflutnings. Vegna þeirrar aukningar rauntekna einstaklinga, sem varð við kjarasamningana í vor, er vöxtur einkaneyzlu og verðmætaráðstöfunar almennt áætlaður nokkru meiri en þetta eða 7—8%, og miðast aukning einkaneyzluútgjalda í tekjuáætluninni almennt við það. Að því er verðlagsþróunina varðar, er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að hefta það, að áhrif kjarasamninganna í vor muni endurspeglast í verðlaginu.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 10 593.0 m.kr., en 8 397.0 m.kr. í fjárlögum 1970, og nemur hækkunin því 2 196.0 m.kr. eða 26.2%. Af heildartekjunum eru ráðstafaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum 1 999.8 m.kr. á móti 1 749.6 m.kr. í fjárlögum 1970, og er hækkun þeirra þannig 250.2 m.kr. eða 14.3%. Samkvæmt þessu hækka eiginlegar tekjur ríkissjóðs, þ. e. án ráðstafaðra tekjustofna, um 1 945.8 m.kr. eða 29.3%.

Persónuskattar. Gert er ráð fyrir, að persónuskattar hækki um 58.2 m.kr. frá fjárlögum 1970. Er þar annars vegar um að ræða almannatryggingagjöld, sem hækka um 48.2 m.kr., einkum vegna iðgjaldahækkana, sem orðið hafa, og hins vegar námsbókagjald, sem hækkar um 10.0 m.kr. vegna aukinnar starfsemi ríkisútgáfu námsbóka og hækkunar prentkostnaðar.

Eignarskattar. Áætluð hækkun eignarskatta er 17.8 m.kr., þar af eignarskattur einstaklinga 6.7 m.kr. og eignarskattur félaga 8.0 m.kr. Er hér að sjálfsögðu miðað við óbreytt fasteignamat. Þá hækkar erfðafjárskattur um 3.0 m.kr. á grundvelli reynslu síðasta árs.

Tekjuskattar. Hækkun tekjuskatta er áætluð 289.4 m.kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 222.5 m.kr., og er sú áætlun grundvölluð á 21.3% meðalhækkun kaup-taxta frá ársmeðaltali 1969 til ársmeðaltals 1970. Þá er og miðað við herra atvinnustig á síðara árinu vegna bætts atvinnuástands og fólksfjölgunar, þannig að atvinnutekjur og nettótekjur til skatts eru taldar munu hækka um 27%. Í áætluninni er og gert ráð fyrir, að skattvísitala hækki til jafns við meðaltekjur. Tekjuskattur félaga er áætlaður 64.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1970, en það er 74.5% hækkun og á rætur að rekja til bætts efnahagsástands almennt. Loks hækka byggingasjóðsgjöld af tekjuskatti um 2.9 m.kr.

Gjöld af innflutningi. Þessi gjöld eru áætluð 586.8 m.kr. hærri en í fjárlögum 1970. Gert er ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist um 10% á árinu, miðað við 7—8% almenna verðmætaráðstöfun skv. þjóðhagsspánni. Í upphaflegu fjárlagafrunvarpi ársins 1970 var gert ráð fyrir, að meðaltollhlutfall yrði 27%, en þá var ekki tekið tillit til tollalækkunar þeirrar, er átti sér stað við aðild Íslands að EFTA. Reynsla yfirstandandi árs bendir til þess, að meðaltollhlutfallið muni reynast 21.6%, en í áætlun ársins 1971 er gert ráð fyrir nokkurri hækkun þess, eða í 22.2%. Af heildarhækkuninni í þessum tekjuflokki nema aðflutningsgjöld í ríkissjóð 572.3 m.kr., innflutningsgjald af benzini hækkar um 14.6 m.kr., en á öðrum liðum kemur fram 0.1 m.kr. nettólækkun.

Skattar af framleiðslu. Þessi flokkur skatta hækkar um 40.6 m.kr., þar af álgjald, þ. e. hluti atvinnuöfnunarsjóðs af framleiðslugjaldi álverksmiðjunnar í Straumsvík, 21.8 m.kr., innl. tollvörugjald 14.5 m.kr., flöskugjald 4.0 m.kr. og sælgætisgjald 0.3 m.kr.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu. Meginhluti hækkunarinnar í þessum flokki, 1 048.6 m.kr., kemur fram í hækkuðum söluskatti, en hann er áætlaður 851.3 m.kr. hærri en í fjárlögum 1970. Auk þeirrar veltuaukningar, sem felst í þjóðhagsspánni

fyrir árið 1971, munar verulega um þá hækkun söluskattsins úr 7.5% í 11%, sem gerð var hinn 1. marz sl. Rekstrarhagnaður ÁTVR eykst um 114.4 m.kr. Er þá miðað við reynslu fyrra helmings þessa árs og líklega þróun til áramóta. Árið 1971 er gert ráð fyrir tæplega 8% aukningu að óbreyttu verði á áfengi og tóbaki. Launaskattur hækkar skv. áætluninni um 79.1 m.kr., og nettóhækkun annarra liða í þessum tekjuflokki nemur 3.8 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar hækka um samtals 124.6 m.kr., og munar þar mest um stimpilgjöld 52.7 m.kr., bifreiðaskatt, sem rennur í vegasjóð, 17.2 m.kr., hluta af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrishankanna 16.9 m.kr., þinglýsingar 13.4 m.kr. og skoðunargjald bifreiða 6.1 m.kr. Aðrir skattar í þessum flokki hækka um samtals 18.3 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Arðgreiðslur frá friðhöfninni á Keflavíkurflugvelli hækka um 5.5 m.kr., en greiðslur frá flugmálastjórn þar hækka um 0.6 m.kr., og hafa þá verið lagðar til hliðar 6.0 m.kr. til væntanlegs kostnaðar við rannsóknir og undirbúningsvinnu við nýja flugstöðvarbyggingu. Að öðru leyti er um óverulegar breytingar að ræða í þessum tekjuflokki.

Ýmsar tekjur. Á þessum lið kemur fram samtals 23.3 m.kr. hækkun, þar af 9.5 m.kr. greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu bæjarfógeta og sýslumanna vegna almennatrygginga. Áður hefur þessi greiðsla verið dregin frá framlagi ríkissjóðs til trygginganna í fjárlögum, en eðlilegra er, að hún komi sérstaklega fram í tekjuhlið, og hækkar framlagið þá að sama skapi. Tekjur af sameignum ríkisins hækka um 5.0 m.kr., ýmsar óvissar tekjur um 4.3 m.kr. og aðrir liðir um samtals 4.5 m.kr.

Lánahreyfingar.

Lánahreyfingar út, þ. e. afborganir af lánnum ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, nema samtals 243 388 þús. kr. og lánahreyfingar inn, þ. e. innheimtar afborganir af skuldabréfum ríkissjóðs eru 3 800 þús. kr. Kemur þannig fram halli á lánajöfnuði að fjárhæð 239 588 þús. kr. Afborganir af lánnum ríkissjóðs og ríkisstofnana hækka um 57 004 þús. kr. frá fjárlögum 1970, og sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á lánahreyfingum út þessi tvö ár:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '70	Fjárl.frv. '71	Mism.
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	—	2	2
02 201	Háskóli Íslands	—	260	260
02 232	Rannsóknaráð ríkisins	—	792	792
02 301	Menntaskólinn í Reykjavík	573	573	—
02 302	Menntaskólinn á Akureyri	479	507	28
02 303	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	—
02 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 236	2 653	÷ 583
02 321	Kennaraskóli Íslands	1 598	814	÷ 784
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	320	865	545
02 501	Tækniskólinn	287	287	—
02 521	Hjúkrunarskóli Íslands	242	308	66
02 605	Alþýðuskólinn á Eiðum	115	—	÷ 115
02 769	Heyrnleysingjaskólinn	3 767	3 722	÷ 45
02 921	Þjóðgarðurinn, Skaftafelli	—	326	326
02 931	Náttúruverndarráð	326	—	÷ 326
03 305	Sendiráðið í Osló	37	37	—
03 307	Sendiráðið í Stokkhólmi	861	841	÷ 20

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlnr. '70	Fjárlnr. '71	Mism.
03 308	Sendiráðið í Washington	233	224	÷ 9
03 309	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	1 047	1 107	60
04 206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	—	290	290
04 231	Skógrækt ríkisins	263	370	107
06 207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	3 986	5 434	1 448
08 371	Landspítalinn	8 449	7 607	÷ 842
09 208	Skattstofa Suðurlands, Helli	7	7	—
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Lán vegna eignakönnunar 1947	374	374	—
	Lán vegna Túngötu 7	—	733	733
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Seðlabankinn v. Drangness	14	14	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	352	—	÷ 352
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Seðlabankinn v. lánadeildar smáibúða	2 344	2 344	—
	Seðlabankinn v. framlags til I.D.A.	969	969	—
	Seðlabankinn v. Áburðarsölu	4 500	4 900	400
	Seðlabankinn v. skólabygginga í Reykjavík	—	5 000	5 000
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar	100 000	100 000	—
	Seðlabankinn v. framlags til Atvinnumála- nefndar ríkisins	—	14 300	14 300
	Tryggingast. v. húsnæðis fyrir geðsjúklinga	—	150	150
	Brunabótafélag v. Seyðisfj.húsa	14	14	—
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss	—	75	75
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni ..	200	200	—
	Sparisj. Reykjavíkur v. biskupsbúst.	—	35	35
	Framkvsj. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni ..	—	3 390	3 390
	PL-480 v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni ..	1 803	1 805	2
	Lán v. Landsvirkjunar, stofnframl.	—	4 555	4 555
	Landsb. á Selfossi v. prestsseturs í Vík	—	86	86
10 211	Vegagerð ríkisins	44 300	71 430	27 130
10 656	Landmælingar	200	250	50
11 201	Iðnaðarmálastofnun Íslands	788	788	—
11 299	Iðja og iðnaður, framlög	—	250	250
Samtals		186 384	243 388	57 004

Meginbreytingarnar milli þessara tveggja ára eru þessar: Afborganir lána Vegagerðar ríkisins hækka um 27 130 þús. kr., þar af greiðir vegasjóður 600 þús. kr. vegna hækkaðs áætlaðs veggjalds af Reykjanesbraut, sem gengur til endurgreiðslu lána, sem á henni hvíla, og 5 500 þús. kr. vegna lána til Skeiða- og Þjórsárdalsveggar og Vestfjarðaáætlunar tekinn eftir árslok 1968. Mismunurinn, 21 030 þús. kr., fellur á ríkissjóð skv. ákvörðun í sambandi við vegáætlun. Þess skal getið, að hér eru ekki teknar inn endurgreiðslur af lánnum Reykjanesbrautar, nema sá hluti, er vega-

sjóður stendur undir, en í drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1971 er gert ráð fyrir fjáröflun í því skyni. Þá koma til afborganir af 100 000 þús. kr. láni hjá Seðlabankanum vegna Atvinnumálanefndar ríkisins, 14 300 þús. kr., afborgun af lántöku í Seðlabankanum til greiðslu eftirstöðva vegna skólabygginga í Reykjavík nemur 5 000 þús. kr., endurgreiðsla af láni á framkvæmdaáætlun 1970 vegna aukins stofnframlags ríkisins í Landsvirkjun er 4 555 þús. kr. og af láni til hlutabréfakaupa í Kisiliðjuni 3 390 þús. kr. Nettóhækkun afborgana af öðrum lánnum nemur 2 629 þús. kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Eins og að framan er getið, verður ekki gerð grein fyrir áhrifum verðlagsuppbóta á laun á fjárreiður einstakra stofnana í þessum hluta, heldur verður skýringin á heildaráhrifum þeirra á hvern málefnaflokk, sem þegar hefur verið gerð, látin nægja. Þó verður þessara áhrifa getið í einstökum tilvikum, þegar slíks þykir sérstök þörf til skýringar.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 201 **Alþingi.** Hér kemur fram lækkun um 1 197 þús. kr., og stafar hún einkum af því, að í fjárlögum ársins 1970 var gert ráð fyrir kostnaði við fund Norðurlandaráðs í Reykjavík, og auk þess fellur niður sérstök fjárveiting til útgáfu á Alþingiskantötu Páls Ísólfssonar, 280 þús. kr.

01 Forsætisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 5 647 þús. kr., þar af sérstök fjárveiting, 5 000 þús. kr., til að gera nauðsynlegar breytingar á Arnarhvoli vegna þeirra nýju ráðuneyta, sem komið var á fót með lögum nr. 73/1969. Mun embætti tollstjóra flytja í nýju tollstöðvarbygginguna á árinu, og ráðgert er, að Hagstofa Íslands flytji einnig í annað húsnæði. Þá hefur verið ráðinn ritari í forsætisráðuneytið, og er kostnaður 173 þús. kr., ráðning ráðuneytisstjóra í stað deildarstjóra auk nefndakostnaðar o. fl. veldur samtals 230 þús. kr. kostnaðarauka. Gert er ráð fyrir rekstri ríkisbifreiðar á vegum ríkisstjórnarinnar, 100 þús. kr., og annar kostnaður eykst um 144 þús. kr.
- 901 **Húsameistari ríkisins.** Á liðnum kemur fram 1 477 þús. kr. lækkun, sem skýrist að mestu af því, að byggingaeftirlitsstarfsemi embættisins færist nú yfir til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins í samræmi við ákvæði í 23. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.
- 902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting hækkar um 468 þús. kr. vegna almennrar aukningar starfsemi.

02 Menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaðarhækkun á þessum lið er samtals 4 608 þús. kr. og skiptist þannig eftir viðfangsefnum: Yfirstjórn 1 961 þús. kr. sökum þess, að reynslan hefur leitt í ljós, að nefndakostnaður og almenn rekstrargjöld munu vanáætluð í fjárlögum yfirstandandi árs sem þessu nemur. Fræðileg rannsókn á skólakerfinu 2 261 þús. kr. í samræmi við áætlun fyrir næsta áratug um heildarendurskoðun á námsefni í barna- og gagnfræðaskólum. Framkvæmd þessarar áætlunar hefur einnig áhrif á kennaranámskeið á vegum fræðslumálaskrifstofunnar og á starfsemi ríkisútgáfu námsbóka, eins og nánar er greint frá í athugasemdum við þær stofnanir. Byggingadeild lækkar um 1 285 þús. kr. vegna þess, að byggingaeftirlitsstarfsemin er færð á framkvæmdadeild

Innkaupastofnunar ríkisins í samræmi við lög um skipan opinberra framkvæmda. Fjármáladeild hækkar um 2 082 þús. kr., en sérstök verkefni unnin af Efnahagsstofnun, 410 þús. kr., falla niður, þannig að nettóhækkun nemur í raun 1 672 þús. kr. Er bætt við þremur fulltrúum, og nemur kostnaður við það 783 þús. kr., en önnur kostnaðarhækkun er 889 þús. kr. Þar með hefur deildin tekið við starfsemi fjármálaeftirlits skóla, sem lögð hefur verið niður sem sérstök stofnun, en fjárveiting til hennar árið 1970 nam 1 341 þús. kr. miðað við hálf t. árið.

- 201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til háskólans hækkar, utan verðlagsuppbóta, um 47 780 þús. kr., þar af 30 000 þús. kr. vegna byggingaframkvæmda. Samþykkt hefur verið áætlun um starfsmannafjölgun á grundvelli tillagna háskólanefndar og nýrra reglugerða fyrir einstaka deildir. Heildarkostnaður vegna starfsmannafjölgunar nemur 9 874 þús. kr. Hér er um að ræða 31 starfsmann í fullu starfi eða hluta úr starfi, er skiptist þannig eftir deildum: Guðfræðideild: dósent í kirkjusögu. Læknadeild: prófessor í barnalækningum í stað dósentstarfs, 3 lektorar og 1 aðjúnkt. Lagadeild: prófessor í ættfræði og prófessor í borgarétti. Viðskiptadeild: 2 lektorar og 2 aðjúnktar. Heimspekideild: prófessor í sálfræði og 7 lektorar, en á móti falla niður stöður 6 dósentar. Verkfræði- og raunvísindadeild: 4 prófessorar (rafmagnsverkfr., vélaverkfr., efnafræði og líffræði), 6 dósentar, 3 lektorar og 1 aðjúnkt. Þjóðfélagsfræði: prófessor í félagsfræði og 3 lektorar. Fjárveiting til bókkakaupa hækkar um 1 000 þús. kr. vegna nauðsynlegra handbókkakaupa fyrir stúdenta, til stundakennslu um 2 341 þús. kr., til rekstrar fasteigna m. a. vegna aukins húsnæðis 1 260 þús. kr., til smærri tækjakaupa 712 þús. kr., og afgangur hækkunarinnar, 2 593 þús. kr., skiptist á ýmsa kostnaðarliði, einkum í tengslum við hinn aukna nemendafjölda.
- 202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Hækkun fjárveitingar á þessum lið nemur 670 þús. kr., einkum til að standa undir tekjulækkun af sérstökum erlendum styrk, sem nú fellur niður.
- 203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Hækkun fjárveitingar er 749 þús. kr. vegna ráðningar sérfræðings til starfa á sviði bylgjumælinga, 296 þús. kr., en almennar rekstrarhækkunir nema 453 þús. kr.
- 205 **Handritastofnun Íslands.** Vegna flutnings í nýtt og stærra húsnæði, Árnagarð, hækkar fjárveiting til rekstrar um 576 þús. kr.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Hækkun á þessum lið nemur 1 034 þús. kr., þar af vextir af lánum vegna saltvinnslurannsókna 594 þús. kr., aðildargjald að Nordforsk 150 þús. kr. og ýmsir rekstrarliðir 290 þús. kr.
- 276 **Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Hækkunin, 3 500 þús. kr., á rætur að rekja til aukinna tekna Happraættis Háskóla Íslands, en hluti ágóðans, 20%, rennur í sjóðinn.
- 301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Sökum nauðsynlegra viðgerða á gólfi og annars viðhalds hækkar fjárveiting um 1 400 þús. kr. Þá hækkar stundakennsla um 664 þús. kr., en gert er ráð fyrir fjölgun um eina bekkjardeild. Láðst hafði að áætla launatengd gjöld í fjárlagaáætlun 1970, samtals 825 þús. kr., og hækkun á öðrum rekstrarliðum nemur 233 þús. kr. Samtals er hækkun þessara liða 3 122 þús. kr.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Á liðnum kemur fram 713 þús. kr. lækkun. Byggingarframlag lækkar um 1 000 þús. kr., en ýmsir rekstrarliðir hækka um samtals 287 þús. kr.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Liðurinn hækkar um 793 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 150 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir 643 þús. kr. vegna vanáætlunar til fjárlaga 1970.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Samtals nemur hækkun fjárveitingar 20 776 þús. kr. Byggingarframlag hækkar um 16 400 þús. kr. til að halda ráðgerðum

- byggingarhraða, og rekstrarframlag hækkar um 4 376 þús. kr. vegna fjölgunar um fimm til sex bekkjardeildir, auk þess sem húsrými í rekstri eykst um tvo þriðju hluta.
- 305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Á þessum lið verður 6 814 þús. kr. hækkun, en nemendafjöldi tvöfaldaðist á árinu, og verða árgangar þá tveir. Verður því meðal annars að auka stofnbúnað verulega.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Kostnaðaraukning er 903 þús. kr. miðað við heilt ár, en í fjárlögum 1970 miðast fjárveiting einungis við hluta ársins.
- 321 **Kennaraskóli Íslands.** Hér kemur fram 4 532 þús. kr. lækkun. Niður fellur stofnkostnaðarframlag, sem var 5 690 þús. kr. í fjárlögum 1970, en rekstrar-kostnaður hækkar um 1 158 þús. kr., einkum vegna fjölgunar bekkjardeilda.
- 322 **Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskóla Íslands.** Á liðnum kemur fram 195 þús. kr. nettóhækkun. Stofnkostnaðarframlag lækkar um 2 000 þús. kr., þannig að eftir standa 3 000 þús. kr., sem ásamt framlagi Reykjavíkurborgar nægir til að ljúka skólahúsinu sjálfu. Rekstrarliðir hækka um 2 195 þús. kr., en átta bekkjardeildir bætast við á skólaárinu.
- 331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag lækkar um 1 569 þús. kr. Stofnkostnaður lækkar um 1 750 þús. kr., en rekstrarframlag hækkar um 181 þús. kr.
- 401 **Fræðslumálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið nemur 4 997 þús. kr., sem skiptist þannig á viðfangsefni: Yfirstjórn: 241 þús. kr., að mestu vegna vanáætlunar í fjárlögum 1970. Námsstjórn: lækkun 349 þús. kr., en námsstjórum fækkar um einn. Kennaranámskeið: hækkun 1 749 þús. kr., fyrst og fremst vegna fjölgunar námskeiða í tengslum við fyrrgreinda áætlun skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins um endurskoðun námsefnis í barna- og gagnfræðaskólum. Framkvæmd sundskyldu í skólum: hækkun 1 138 þús. kr. vegna kostnaðarhækkana, sem áætlaðar eru á árinu 1970, en kostnaðarhluti ríkisins greiðist eftir á. Framlag til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms hækkar um 2 000 þús. kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 218 þús. kr.
- 422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Framlag til ríkisútgáfunnar hækkar um 13 502 þús. kr. Til þess að kleift sé að framkvæma þá breytingu á námsefni, sem skólarannsóknadeildin stendur að, er áætlað, að til útgáfunnar þurfi að koma sérstakt framlag að fjárhæð 5 950 þús. kr. Hinn hluti hækkunarinnar, 7 552 þús. kr., stafar fyrst og fremst af verulegri hækkun prentkostnaðar á sl. tveimur árum, en í fjárlögum 1970 var ekki tekið tillit til hækkunarinnar, nema að óverulegu leyti. Heildarhækkunin á kostnaði við ríkisútgáfuna, sem með verðlagsuppbótum og afborgun lána nemur 15 023 þús. kr., er að tveimur þriðju hlutum borin uppi af námsbókagjaldi, sem mun tvöfaldað, en einn þriðji hluti fellur á ríkissjóð.
- 501 **Tækniskólinn.** Kostnaðaraukning nemur 4 802 þús. kr. og stafar að meginhluta af því, að bekkjardeildum fjölgar um, því nær helming, auk þess sem í ljós hefur komið nokkur vanáætlun í fjárlögum 1970. Vegna þessarar fjölgunar hefur m. a. verið tekið á leigu nýtt húsnæði í Hótel Esju við Suðurlandsbraut.
- 506 **Vélskólinn.** Hækkunin, 4 964 þús. kr., stafar einkum af aukningu kennslu-magns, en samkvæmt áætlun skólastjóra er um nálægt tvöföldun að ræða. Tekur sú aukning bæði til skólahalds í Reykjavík og námskeiða úti á landi.
- 507 **Stýrimannaskólinn.** Liðurinn hækkar um 587 þús. kr., m. a. vegna þess, að bekkjardeildum fjölgar um eina.
- 514—516 **Iðnskólar.** Kostnaður við iðnfræðslu hækkar um 9 852 þús. kr., þar af byggingaframlög um 4 800 þús. kr. og viðhald um 542 þús. kr. Af hækkun almenns rekstrarkostnaðar, sem nemur 4 510 þús. kr., eru 3 653 þús. kr. vegna Iðnskólans í Reykjavík og 857 þús. kr. vegna iðnskóla úti á landi. Orsök hækkunarinnar í Reykjavík er, samkvæmt athugun fjármáladeildar mennta-

- málaráðuneytisins, að verulegu leyti fólgin í ófullkominni áætlunargerð af hendi skólans til fjárlaga 1970.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkunin, 849 þús. kr., stafar af áhaldakaupum, 400 þús. kr., vaxtagreiðslu 165 þús. kr. og afgangurinn af greiðslu launa nemenda í bóklegu námi vegna fjölgunar þeirra.
- 561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Framlag hækkar um 765 þús. kr. vegna þess, að tekin verður upp kennsla í vefnaði, og auk þess er gert ráð fyrir aukinni kennslu í teiknikennaradeild skólans.
- 581 **Verzlunarskólar.** Fram kemur 481 þús. kr. hækkun á þessum lið. Framlag til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 584 þús. kr., en kostnaður við próf lög-giltra endurskoðenda flyzt á annan stað í fjárlögum (1 09 999 08).
- 611—647 **Gagnfræða- og miðskólar.** Heildarhækkun rekstrarkostnaðar, án verð-lagsuppbóta á laun, nemur 18 368 þús. kr. og verður samtals 210 632 þús. kr. Hér er ekki tekinn með viðhaldskostnaður. Hækkun rekstrarkostnaðar nemur þannig 9.8%, og er áætlun fjármáladeildar menntamálaráðuneytisins tekin óbreytt.
- 701—716 **Barnaskólar.** Almennur rekstrarkostnaður, að frátöldu viðhaldi, hækkar um 2 327 þús. kr. án verðlagsuppbóta á laun, eða 0.8%, og nemur í heild 283 998 þús. kr. Hér er áætlun fjármáladeildar einnig tekin óbreytt, en mismunurinn á hundradshluta-hækkun gagnfræðaskóla og barnaskóla stafar að nokkru leyti af tilflutningi milli þessara skólastiga í uppsetningu til fjárlaga, auk þess sem fjölgun nemenda er fyrst og fremst á gagnfræðastigi.
- 761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt.** Framlög á þessum lið hækka um 30 336 þús. kr. Inn eru teknir þrjú nýir liðir: Greiðsla vegna fráviks frá hámarki reiknaðra stunda, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 49/1967, 9 000 þús. kr., til kennslu 6 ára barna 8 000 þús. kr. og til kennslu í framhaldsdeildum gagn-fræðastigs 4 500 þús. kr. Viðhaldskostnaður hækkar um 5 453 þús. kr., eða 14.4%, forfalla- og orlofskennsla um 1 392 þús. kr., laun ráðskvenna og aðstoðar-stúlkna um 1 809 þús. kr., og loks hækkar kostnaður vegna tví- og þrískipunar skóla um 182 þús. kr.
- 762 **Framlög til byggingar barnaskóla, gagnfræðaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Byggingaframlög undir þessum lið hækka um 23 140 þús. kr. og verða samtals 230 000 þús. kr. Nemur hækkunin 11.2%.
- 769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Hækkunin, 6 524 þús. kr., stafar af því, að inn er tekið byggingarframlag að fjárhæð 6 000 þús. kr. til viðbótar því 11 000 þús. kr. láni, sem tekið var á vegum Atvinnumálanefndar ríkisins, húsaleigukostnaður hækkar um 376 þús. kr., flutningskostnaður nemenda hækkar um 155 þús. kr., en á öðrum liðum verður 7 þús. kr. nettólækkun.
- 871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Á þessum lið verður 1 452 þús. kr. hækkun, þar af byggingarframlag 1 360 þús. kr. og ýmsir rekstrarliðir 92 þús. kr. Mun þetta byggingarframlag nægja til þess að fullgera húsið.
- 872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um aukna námsaðstoð hækkar framlag ríkissjóðs til lánasjóðsins um 32 635 þús. kr. Þá aukast eigin tekjur sjóðsins, þ. e. endurgreiðslur veittra lána, um 2 500 þús. kr. og ráðgerð bankalán um 14 000 þús. kr. Fjáröflun eykst þannig um samtals 49 135 þús. kr. Endurgreiðslur tekinna lána og rekstrarkostnaður hækkar um samtals 4 741 þús. kr., þannig að ráðstöfunarfé til námsaðstoðar eykst um 44 394 þús. kr. frá árinu 1970.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Á þessum lið kemur fram 2 616 þús. kr. lækkun. Sérstakt byggingarframlag til Félagsstofnunar stúdenta, 5 000 þús. kr., fellur niður, en inn er tekið 1 500 þús. kr. framlag til endurgreiðslu lána vegna sömu stofnunar og auk þess 550 þús. kr. hækkun á rekstrarframlagi. Styrkur til út-

- gáfustarfa hækkar um 170 þús. kr. vegna Sögufélagsins til útgáfu Alþingisbóka eftir tilmælum frá forsetum Alþingis. Aðrir liðir hækka um samtals 164 þús. kr.
- 902 **Þjóðminjasafn.** Hækkunin, 1 043 þús. kr., skýrist þannig, að kostnaður við nauðsynlegar viðgerðir vegna galla, sem fram hafa komið á safnsbyggingunni, hækkar um 1 357 þús. kr., en á öðrum liðum verður 314 þús. kr. nettólækkun. Gerð hefur verið sérstök kostnaðaráætlun um viðgerðir á byggingunni, en samkvæmt henni mun þeim ljúka á árinu 1972.
- 906 **Listasafn Einars Jónssonar.** Þessi liður hækkar um 533 þús. kr. vegna nauðsynlegs viðhaldskostnaðar.
- 973 **Þjóðleikhús.** Fyrir utan verðlagsuppbætur á laun kemur fram hækkun á ríkissjóðsframlagi um 100 þús. kr., en þá hefur verið gert ráð fyrir um 20% hækkun á aðgöngumiðaverði. Hins vegar ber þess að gæta, að í fjárlögum 1970 var hluti skemmtanaskatts talinn með ríkissjóðsframlaginu, en með lagabreytingu um skemmtanaskatt frá síðasta þingi verður þessum hluta nú ráðstafað á annan hátt. Hækkar framlag ríkissjóðs til Þjóðleikhússins því í raun sem þessu nemur, en skemmtanaskattshlutinn er 9 000 þús. kr. í fjárlögum 1970.
- 977 **Byggingarsjóður Þjóðarbókhöfðu.** Framlag hækkar um 1 000 þús. kr. í 1 500 þús. kr., sem ætlað er til nauðsynlegra undirbúningsaðgerða, áður en raunverulegar framkvæmdir geta hafizt.
- 982 **Listir, framlög.** Þessi liður hækkar í heild um 2 107 þús. kr. Listamannalaun hækka um 946 þús. kr., heiðurslaun listamanna um 311 þús. kr. og starfslaun listamanna um 189 þús. kr., og hefur þá verið gert ráð fyrir verðlagsuppbótum. Þá hækka framlög til tónlistarskóla um 1 000 þús. kr., til Barnamúsíkskólans um 386 þús. kr. og til listasafna um 25 þús. kr., en niður fellur sérstakt framlag til Listahátíðar í Reykjavík, 750 þús. kr.
- 984 **Norræn samvinna.** Á þessum lið verður 322 þús. kr. hækkun, sem skiptist þannig: Styrkur handa rithöfundu til dvalar á Norðurlöndum, sbr. lög nr. 28/1967, 85 þús. kr., Menningarsjóður Norðurlanda 119 þús. kr., Norræna félagið vegna sumarnámskeiðs kennara 1970, 100 þús. kr., og aðrir liðir 18 þús. kr.
- 985 **Félagsheimilassjóður.** Hér er um að ræða hluta skemmtanaskatts, sem hækkar um 6 000 þús. kr. Þessi tala byggist á bráðabirgðaáætlun, en skv. lögum nr. 58/1970 ber að endurgreiða tilteknum kvikmyndahúsum skattinn.
- 987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Hækkunin, 500 þús. kr., miðast við, að viðgerðum verði lokið árið 1974.
- 999 **Ýmislegt.** Á þessum lið verður lækkun á fjárveitingu um 360 þús. kr., og eru breytingar þessar: Inn eru teknir tveir nýir liðir, Pólýfonkórinn vegna utanferðar 1970 150 þús. kr. og vettvangskennsla á Akureyri 35 þús. kr. Þá hækkar framlag til Samb. ísl. barnakennara vegna menningar- og félagsstarfsemi um 50 þús. kr., en niður falla eftirtaldir liðir: Kanadasjóður 45 þús. kr., til ritunar og útgáfu sögu stjórnarráðsins 250 þús. kr., minnisvarðar um Jón Eiríksson konferensráð, Guðmund góða og Ara fróða, samtals 75 þús. kr., til íslenzks dýrasafns 50 þús. kr., til kirkjutónlistarmóts 125 þús. kr. og til Þjóðdansafélagsins vegna utanferðar 50 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 3 145 þús. kr. og skýrist þannig: Risna utanríkisráðherra, 380 þús. kr., er færð á þennan lið af æðstu stjórn, flutningskostnaður starfsfólks sendiráða milli landa hækkar um 500 þús. kr. og ýmsir rekstrarliðir um samtals 555 þús. kr., en reynslan hefur leitt í ljós nokkra vanáætlun þessara tveggja liða í fjárlögum 1970. Þá hækkar viðhald um 100 þús. kr. og minni háttar stofnkostnaður

- um 25 þús. kr., þannig að eiginlegur rekstrarkostnaður aðalskrifstofunnar eykst um 1 560 þús. kr. að meðtalinni tilfærslu á risnu. Að öðru leyti hækkar kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 1 000 þús. kr. skv. reynslu yfirstandandi árs, vegna samninga við erlend ríki um 250 þús. kr., vegna kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin um 200 þús. kr. og ýmsir aðrir liðir um samtals 270 þús. kr., en niður fellur framlag til kaupa á ritinu Iceland, 135 þús. kr.
- 201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Hækkun á þessum lið nemur 1 183 þús. kr., þar af hækkan viðhalds, einkum vegna viðgerðar á kyndistöð og hitalögn í lögreglustöð og Grænáshúsum, 916 þús. kr. Aðrir liðir hækka um samtals 267 þús. kr.
- 301—312 **Sendiráðin.** Heildarfjárveiting til sendiráðanna hækkar um 11 061 þús. kr., þar af 4 438 þús. kr. vegna sendinefndar Íslands hjá EFTA í Genf, sem nú kemur á fjárlög í fyrsta sinn. Mismunurinn, 6 623 þús. kr., skýrist þannig: Hækkun launa og staðaruppbóta eftir tillögu utanríkisráðuneytisins í samræmi við verðlagsbreytingar í viðkomandi löndum o. fl., 2 685 þús. kr., eða 6.5% að meðaltali, til viðbyggingar sendiherrabústaðar í Kaupmannahöfn, lokagreiðsla, 1 175 þús. kr., viðhaldskostnaður sendiráðsbygginga og sendiherrabústaða 398 þús. kr., og almennur rekstrarkostnaður hækkar um 2 365 þús. kr., þar af um helmingur í sendiráðunum í New York og Washington.
- 401 **Alþjóðastofnanir.** Heildarhækkun á framlögum vegna alþjóðastofnana nemur 783 þús. kr. og kemur þannig fram: Tillag til S. þ. hækkar um 115 þús. kr., til FAO um 219 þús. kr., til Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar um 28 þús. kr., til UNESCO um 9 þús. kr., til GATT um 31 þús. kr., til tollasamvinnuráðsins um 115 þús. kr., til EFTA um 50 þús. kr., til NATO um 500 þús. kr., til WHO um 76 þús. kr. og til þingmannasambands NATO um 50 þús. kr. Hins vegar lækkar tillag til útgáfu alþjóðlegra tollalaga um 110 þús. kr. og niður fellur framlag vegna heimssýningarinnar í Japan, 300 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

- 206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Á þessum lið verður 538 þús. kr. hækkan, sem skýrist þannig: Gert er ráð fyrir ráðningu tölfræðings, búfræðings við bütæknideild á Hvanneyri og stúlku við símvrözl, og er kostnaður samtals 684 þús. kr., yfirfærslur til tilraunastöðvanna lækka um 651 þús. kr., en í fjárlögum 1970 er sérstakt framlag til stöðvarinnar á Sámsstöðum vegna endurbóta á húsum, 1 400 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkan er 749 þús. kr. Að öðru leyti er um 821 þús. kr. hækkan að ræða á ýmsum rekstrarliðum, en eigin tekjur stofnunarinnar hækka um 316 þús. kr.
- 231 **Skógrækt ríkisins.** Hækkun framlags nemur 1 330 þús. kr. Tillag til Skógræktarfélag Íslands hækkar um 300 þús. kr., og afgangurinn miðast við 10% aukningu á framlagi ríkissjóðs.
- 235 **Landgræðsla.** Hækkunin, 1 470 þús. kr., er miðuð við 10% aukningu framlags.
- 241 **Landnám ríkisins.** Hækkun á framlagi til landnámsins nemur 7 500 þús. kr., en fallið er úr gildi ákvæði laga nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda og framlenging þess ákvæðis með lögum nr. 65/1970, er gerðu ráð fyrir lækkun framlags til landnámsins, er þessari upphæð nemur.
- 243 **Sauðfjárveikivarnir.** Á liðnum kemur fram 915 þús. kr. lækkun, sem stafar af áætlaðri lækkun kostnaðar vegna búfjársjúkdóma.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkunin, 203 þús. kr., skýrist þannig: Skv. lögum nr. 31/1970, um dýralækna, er tekið inn framlag til bifreiðalánasjóðs dýralækna 350 þús. kr. og til staðaruppbótar dýralækna 547 þús. kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 38 þús. kr. Hins vegar fækkar dýralæknum um einn, eða 257

- þús. kr., og áætlaður kostnaður vegna búfjár sjúkdóma lækkar um 475 þús. kr.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Þessi framlög hækka um 106 671 þús. kr. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 90 000 þús. kr. samkvæmt bráðabirgða-áætlun Hagstofu Íslands, jarðræktarframlög hækka um 17 307 þús. kr., framlag til búfjárræktar skv. lögum hækkar um 2 604 þús. kr., inn er tekinn nýr liður, fiskræktarsjóður, í samræmi við lög nr. 38/1970, um lax- og silungsveiði, 1 000 þús. kr., framlag til fyrirhleðslna hækkar um 760 þús. kr., en niður fellur aukastyrkur til súgþurrkunar, 5 000 þús. kr.
- 501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Þessi liður hækkar um 1 681 þús. kr., þar af 1 200 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda, 252 þús. kr. vegna lækkunar eigin tekna og 229 þús. kr. vegna ýmissa rekstrarliða.
- 503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Af hækkun þessa liðar, 2 216 þús. kr., stafar 1 000 þús. kr. af auknu byggingarframlagi, 500 þús. kr. framlag er tekið inn vegna ylræktartilrauna, vextir hækka um 180 þús. kr., og rekstrarkostnaður hækkar að öðru leyti um 536 þús. kr. vegna fjölgunar nema og aukins húsnæðis.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Heildarhækkun á liðnum er 1 216 þús. kr. Með tilliti til þess, að ráðuneytið er nú aðskilið frá hinu eldra atvinnumálaráðuneyti hafa eftirtaldir breytingar orðið á mannahaldi: Ráðinn hefur verið ráðuneytisstjóri í stað deildarstjóra, tveir fulltrúar í stað fulltrúa í hálfu starfi áður, og ein ritarastaða hefur verið tekin upp í stað hálftrar. Samtals er hér um að ræða 557 þús. kr. launakostnað. Þá eru færð á þetta ráðuneyti laun bifreiðarstjóra, 242 þús. kr., og ýmis laun, þ. m. t. nefndarlaun, hækka um 187 þús. kr. Launaliður hækkar þannig um samtals 986 þús. kr. Ýmsir rekstrarliðir hækka um 230 þús. kr.
- 202 **Hafrannsóknastofnun.** Á þessari stofnun verður 2 655 þús. kr. hækkun. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum aðstoðarmönnum, og nemur kostnaður við það 346 þús. kr. Hækkunin stafar að öðru leyti af því, að nú er gert ráð fyrir rekstri Bjarna Sæmundssonar allt árið í stað hálf árs í fjárlögum 1970, en hins vegar mun rekstri Hafþórs á vegum stofnunarinnar hætt.
- 211 **Fiskmat ríkisins.** Liðurinn hækkar um 1 252 þús. kr. Stafar sú hækkun ekki að neinu leyti af útbenslu starfseminnar, heldur hafa reikningar ársins 1969 og reynslan það sem af er þessu ári leitt í ljós, að þessi hækkun er óhjákvæmileg til að halda í horfinu.
- 271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Ríkissjóðsframlag lækkar um 6 760 þús. kr., og nemur greiðsla vaxta og afborgana af lánnum vegna smíði skipsins samtals 27 240 þús. kr. Hluti ríkissjóðsframlagsins er útflutningsgjald, 7 170 þús. kr., þannig að hrein greiðsla úr ríkissjóði er 20 070 þús. kr., en sambærileg tala í fjárlögum 1970 er 27 950 þús. kr.
- 273 **Byggingarsjóður síldarleitarskips.** Framlag til endurgreiðslu lána lækkar um 1 130 þús. kr. og verður 11 570 þús. kr. Inni í ríkissjóðsframlaginu er síldargjald, sem lækkar um 1 770 þús. kr., þannig að hreinn kostnaður ríkissjóðs eykst um 640 þús. kr., þrátt fyrir minni greiðslubyrði vegna lánanna.
- 274 **Aflatryggingarsjóður sjávarútvegsins.** Framlag lækkar um 8 381 þús. kr. Sérstakt framlag til áhafnadeildar, 15 000 þús. kr., fellur niður, en útflutningsgjald hefur verið hækkað til að standa undir útgjöldum deildarinnar. Hins vegar hækkar mótframlag ríkissjóðs til sjóðsins um 6 619 þús. kr. og miðast við fjórðung þess hluta útflutningsgjalds, sem rennur til sjóðsins.
- 299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlög á þessum lið hækka um 34 050 þús. kr., sem skýrist þannig: Inn er að nýju tekið framlag til Fiskveiðasjóðs, 35 000 þús. kr., sem fellt var niður með lögum nr. 5/1968 og aftur með lögum nr.

- 33/1970. Þá fellur niður sérstakt framlag vegna FAO-ráðstefnu, 700 þús. kr., og framlag til greiðslu halla á sýningunni Íslendingar og hafið, 250 þús. kr.
- 901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Hækkun er 1 325 þús. kr., einkum vegna sameiginlegs rekstrarkostnaðar og viðhalds rannsóknastofnananna á Keldnaholti, 900 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir ráðningu bókara á skrifstofuna, 163 þús. kr., og ýmsir rekstrarliðir hækka um 262 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður lækkar um 1 219 þús. kr., ef ekki er tekið tillit til verðlagsuppbóta á laun. Niður fellur sérstakt framlag vegna sveitarstjórnarkosninga, 675 þús. kr., en að öðru leyti stafar lækkunin af því, að nokkrir kostnaðarliðir, svo sem nefndastörf o. fl., færast yfir á hið nýja heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
- 103 **Alþingiskosningar 1971.** Hér er um nýjan lið að ræða, og er kostnaður áætlaður 2 500 þús. kr.
- 204 **Borgarfógetaembætti.** Liðurinn hækkar um 898 þús. kr., vegna ráðningar fulltrúa í skiptarétti 270 þús. kr., og ýmsir rekstrarliðir hækka um 628 þús. kr.
- 206 **Lögreglustjórnin í Reykjavík.** Á þessum lið kemur fram 1 657 þús. kr. hækkun. Kostnaður við lögregluskólann, 382 þús. kr., hefur verið færður af liðnum „löggæzla“ á þennan fjárlagalið. Að öðru leyti á hækkunin rætur að rekja til flutnings embættisins í nýju lögreglustöðina, sem m. a. hefur í för með sér aukinn ræstingarkostnað og nauðsynlegan minni háttar stofnkostnað.
- 211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun kostnaðar við embættin nemur 4 183 þús. kr., eða 6.3% að meðaltali. Er þá gert ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi.
- 251 **Landhelgisgæzla.** Fjárveiting hækkar um 2 000 þús. kr. vegna kaupa á fjar-skiptatækjum. Er þá gert ráð fyrir rekstri Ægis og Óðins allt árið, en Þórs og Árvakurs í sex mánuði hvors.
- 252 **Bifreiðaeftirlit.** Þessi liður hækkar um 6 336 þús. kr., þar af 5 800 þús. kr. vegna byggingar skoðunarstöðvar, og hafa skoðunargjöld bifreiða verið hækkuð sem því nemur. Þá er gert ráð fyrir ráðningu eins manns til álesturs ökumæla vegna innheimtu þungaskatts af dieselbifreiðum, 190 þús. kr., en almenn rekstrar-kostnaðarhækkun nemur 346 þús. kr.
- 253 **Almannavarnir.** Framlag til almannavarna hækkar um 3 824 þús. kr. Á undanförunum árum hafa framlög verið mjög takmörkuð, og er hér gert ráð fyrir allverulegum kaupum á tækjabúnaði til fjarskipta, svo og sjúkra- og hjúkrunar-búnaði, auk hækkunar á framlagi til almannavarnanefnda.
- 281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Þessi liður hækkar um 2 150 þús. kr., eða sem hér segir: Inn er tekinn nýr liður, til útgáfu lagasafns, 2 200 þús. kr., kostnaður við meðdómsmenn hækkar um 250 þús. kr., við setu- og varadómaru um 170 þús. kr. og nokkrir aðrir liðir hækka um samtals 30 þús. kr., en á hinn bóginn lækkar málskostnaður um 500 þús. kr.
- 282 **Löggæzla.** Fjárveiting til löggæzlu, sem án verðlagsuppbóta hækkar um 576 þús. kr., miðast við það, að vissar breytingar verði gerðar á ákvæðum laga um lögreglumenn, en eins og greint var frá í athugasemdum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1970, hefur fjárveitinganefnd gert tillögur til dómsmálaráðuneytisins um þetta efni. Beinast þær einkum að endurskoðun þeirra ákvæða, er gera ráð fyrir sjálfkrafa fjölgun lögreglumanna eftir fólksfjölda í einstökum umdæmum, og einnig að breytingu ákvæða, er varða rannsóknarlögreglu, þannig að lögð verði ríkari áherzla á miðstjórn slíkra verkefna af hagkvæmnisástæðum.
- 283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar í heild um 225 þús. kr. Gert er ráð fyrir kostnaði við sérmenntun starfskrafta til fangahjálpar, 150 þús. kr.,

- en smávægilegar breytingar verða að öðru leyti, eða nettóhækkun um 75 þús. kr.
- 301 **Þjóðkirkjan.** Framlög til þjóðkirkjunnar hækka um 1 833 þús. kr., og eru helztu breytingar sem hér segir: Kostnaður við presta og prófasta, þ. m. t. sjúkrahúsaprestur, sem fellur inn í þennan undirlið, hækkar um 1 405 þús. kr. vegna fjölgunar presta, og er hér um að ræða sendiráðsprest, sjúkrahúsaprest í fullu starfi og eitt prestsembætti í Reykjavík, svo og hækkun á embættis-kostnaði. Inn er tekin 250 þús. kr. fjárveiting til umbóta á kristindómsfræðslu í skólum, kostnaður við æskulýðsstörf eykst um 200 þús. kr., við sumarbúðir þjóðkirkjunnar um 200 þús. kr. vegna Eiða, en kostnaður við biskupsbústað lækkar um 276 þús. kr. Nettóhækkun annarra liða er 54 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins lækkar um 701 þús. kr., þar sem hluti kostnaðarins flyzt yfir á heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytið.
- 271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Á liðnum kemur fram 120 573 þús. kr. hækkun af þessum orsökum: Launaskattur hækkar um 79 130 þús. kr., framlag skv. lögum nr. 30/1970, þ. e. hluti eignarskatts, hækkar um 35 000 þús. kr., byggingasjóðsgjöld hækka um 5 999 þús. kr., og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra hækka um 444 þús. kr.
- 272 **Byggingasjóður verkamanna.** Áætlun um framlag til Byggingasjóðs verkamanna byggist á greinargerð, er fylgdi frumvarpi því til laga um húsnæðismálastofnun ríkisins, sem samþykkt var á síðasta þingi. Samkvæmt því er ráðgerð bygging 350 verkamannabústaða á árinu 1971 fyrir samtals 420 millj. kr., eða 1 200 þús. kr. á hvern bústað. Er gert ráð fyrir, að kaupendur greiði 20% kostnaðar, eða 84 millj. kr., úr byggingasjóðnum fáist 600 þús. kr. lán á hvern bústað, eða samtals 210 millj. kr., og framlag ríkis og sveitarfélaga nemi 63 millj. kr. frá hvorum aðila. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins í fjárlögum 1970 nemur 15.1 millj. kr., og er hækkunin því 47.9 millj. kr.
- 301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun framlags með verðlagsuppbótum nemur 2 833 þús. kr., sem er í samræmi við áætlaða hækkun skipulagsgjalds, en það rennur allt til stofnunarinnar.
- 399 **Sveitarfélög, framlög.** Á þessum lið verður 330 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Kostnaður við heimilishjálp skv. lögum hækkar um 650 þús. kr., en niður fellur liðurinn „vatnsveitur, aðrar“, 320 þús. kr.
- 973 **Framlag til atvinnuöfnunarsjóðs.** Hluti sjóðsins af álgjaldi hækkar um 21 800 þús. kr., en sérstakt ríkissjóðsframlag lækkar um 20 000 þús. kr., þannig að nettóhækkun er 1 800 þús. kr.
- 981 **Vinumál.** Liðurinn lækkar um 272 þús. kr. Kostnaður vegna aðstoðar við hagræðingarstarfsemi lækkar um 326 þús. kr., framlag til norræns lýðháskóla í Genf, 120 þús. kr., fellur niður, en styrkur til B.S.R.B. hækkar um 150 þús. kr. Á öðrum liðum verður 24 þús. kr. hækkun.
- 999 **Ýmis framlög** hækka um 4 364 þús. kr. þannig: Framlag til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga 2 750 þús. kr., til SVFÍ 834 þús. kr., til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (þ. e. gjald af seldum eldspýtum) 317 þús. kr., meðlög skv. lögum 310 þús. kr., aðstoð við blinda (sælgætisgjald) 77 þús. kr. og SÍBS, lækni-laun, 76 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins, sem nú er í fyrsta sinn færður sérstaklega í fjárlögum, nemur 3 482 þús. kr. Erfitt er að gera grein fyrir því, hversu mikill hluti er hreinn viðbótarkostnaður, en eins og

- þegar hefur verið getið færast nokkur kostnaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu yfir á þetta ráðuneyti, og lækkar fjárveiting til þessara tveggja ráðuneyta um 1 920 þús. kr. án verðlagsuppbóta.
- 271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Heildarframlög til almannatrygginga, að frátöldum atvinnuleysistryggingum, hækka um 372 300 þús. kr., þar af persónuskattar til almannatrygginganna um 37 300 þús. kr., þannig að eiginlegt framlag ríkissjóðs hækkar um 335 000 þús. kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 135 400 þús. kr. eru vegna lífeyristrygginga og 199 600 þús. kr. vegna sjúkratrygginga. Framlag til lífeyristrygginga var áætlað 749 500 þús. kr. í fjárlögum 1970, og var sú upphæð allmiklu lægri en áætluð útgjöld lífeyristrygginganna gáfu tilefni til, sökum innstæðu ríkissjóðs um áramótin. Áætlunin fyrir árið 1971 er 884 900 þús. kr., og er orsök hækkunarinnar, auk áður nefndra áhrifa innstæðu ríkissjóðs, einkum fjórþætt: Í fyrsta lagi hækkuðu fjölskyldubætur hinn 1. apríl 1970, og koma áhrif þeirrar hækkunar því með meiri þunga á árið 1971, þ. e. á allt árið í stað þriggja fjórðu hluta ársins á undan. Í öðru lagi veldur sú 20% hækkun lífeyristrygginganna, sem gerð var 1. júlí sl., 88 000 þús. kr. aukningu ríkissjóðsframlags á heilsársgrundvelli. Í þriðja lagi er áætluð allveruleg fjölgun bótaþega, einkum að því er tekur til elli- og örorkulífeyris, og í fjórða lagi er 7 500 þús. kr. greiðsla trygginganna fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta nú tekin inn í tekjuhlíð fjárlaga, en var dregin frá ríkissjóðsframlaginu í fjárlögum ársins 1970. Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga var áætlað 868 700 þús. kr. í fjárlögum 1970, en er nú áætlað 1 068 300 þús. kr. Meginorsök hækkunarinnar er fólgin í áhrifum daggjaldahækkunar þeirrar, er gerð var 1. júlí sl. og veldur 138 000 þús. kr. hækkun á ríkissjóðsframlagi á heilsársgrundvelli. Þá er á sama hátt og í lífeyristryggingum bætt við 2 000 þús. kr. þjónustugjaldi til sýslumanna og bæjarfógeta, en mismunur hækkunarinnar, 59 600 þús. kr., skýrist af áætlaðri fjölgun tryggðra, auk þess sem veruleg kostnaðaraukning hefur átt sér stað vegna læknishjálpar utan sjúkrahúsa.
- 273 **Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs.** Hækkun framlags nemur 34 400 þús. kr., þar af iðgjald atvinnurekenda 10 900 þús. kr., þannig að hreint framlag ríkissjóðs hækkar um 23 500 þús. kr. Orsök hækkunarinnar er fyrst og fremst að rekja til þeirra kauplagshækkana, sem orðið hafa á árinu 1970, en við það miðast álagning og innheimta á árinu 1971.
- 302 **Skrifstofa ríkisspítalanna.** Hækkunin, 652 þús. kr., stafar af auknum kostnaði vegna flutnings í nýtt húsnæði.
- 371—376 **Ríkisspítalar.** Framlag til rekstrar spítalanna miðast við daggjaldabreytingu þá, er tók gildi 1. júlí sl. Eftirfarandi yfirlit sýnir hækkanir á framlögum til einstakra sjúkrahúsa frá fjárlögum 1970, og er þar um að ræða nettó-áhrif verðlagsuppbóta, daggjaldahækkana og annarra orsaka, er áhrif hafa á ríkissjóðsframlög:

	Rekstur	Fjárfestingar og afborganir	Samtals
Landspítalinn	9 713	11 667	21 380
Fæðingardeild Landspítalans	860	20 000	20 860
Kleppsspítalinn	6 863	1 500	8 363
Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1 460	2 250	3 710
Heilsuhælið í Kristnesi	1 991	570	2 561
Kópavogshælið	3 273	—	3 273
Samtals	24 160	35 987	60 147

Í fjárveitingum til rekstrar hefur verið miðað við þær verðlagshækkanir, sem áætlað er að verði frá afgreiðslu fjárlaga 1970. Að auki hefur rekstrarfjárveiting til Landspítalans verið hækkuð með tilliti til þess, að þar munu

taka til starfa tvær nýjar sjúkradeildir, þ. e. geðdeild barna og bæklunar-sjúkdómadeild. Auk þess hefur verið gert ráð fyrir ráðningu aðstoðarforstöðukonu við heilsuhælið á Vífilsstöðum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á starfsmannahaldi. Kostnaður við byggingaframkvæmdir Landspítalans er áætlaður 47 000 þús. kr., sem nægja mun til að ljúka innréttingum í austurálmum og eldhúsbyggingu. Þá er kostnaður við byggingaframkvæmdir fæðingardeildar áætlaður 30 000 þús. kr. og varið verður 2 000 þús. kr. til breytinga á Vífilsstaðahæli, og loks 1 640 þús. kr. til framkvæmda við viðbótarbyggingu í Kristnesi.

- 381 Til sjúkrahúsa og læknaþustaða. Heildarhækkun á þessum lið nemur 2 453 þús. kr., er skiptist þannig: Framlög til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknaþustaða hækka um 1 758 þús. kr. og rekstrarstyrkir til heilsuverndarstöðva um 695 þús. kr.
- 382 Fávitar, framfærsla. Hækkun framlags er 12 479 þús. kr., þar af 3 337 þús. kr. vegna legudagafjölgunar og 9 142 þús. kr. vegna áðurnefndrar daggjalda-hækkunar.
- 399 Ýmis heilbrigðismál. Á þessum lið verður 1 359 þús. kr. hækkun, og eru helztu breytingar þessar: Sérstakir tekjustofnar, sem ráðstafað er til Hjartaverndar, Minningarsjóðs Landspítalans og Krabbameinsfélags Íslands, hækka um samtals 2 012 þús. kr. og framlög til ýmissa verkefna hækka um samtals 447 þús. kr. Á hinn bóginn fellur niður fjárveiting til þings norrænna hjúkrunarkvænna, 150 þús. kr., og styrkir til sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs og til aðstoðar við sjúklinga vegna læknishjálpar erlendis, samtals 950 þús. kr., færast á almannatryggingakerfið.

09 Fjármálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður hækkar um 1 150 þús. kr., þar af ráðning fulltrúa í launadeild 244 þús. kr. Þá hækka ýmis rekstrargjöld um 450 þús. kr., eða 6.6%, og kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu o. fl. um 456 þús. kr., og er þá byggt á reynslu ársins 1969.
- 103 Ríkisbókhald. Á þessum lið verður 523 þús. kr. hækkun sökum hækkunar á prentkostnaði ríkisreiknings og aukinnar skýrsluvélavinnu, en ráðgert er, að ríkisbókhaldið taki að sér reikningshald fyrir ýmsar ríkisstofnanir.
- 201—212 Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur. Áætlaður kostnaður við þessi embætti vex í heild um 2 295 þús. kr., þar af hækkar liðurinn „sameiginleg útgjöld“, þ. e. prentun og skýrsluvélavinna, um 1 250 þús. kr. sökum hækkaðra taxta. Þá er gert ráð fyrir ráðningu ritara við embætti ríkisskattstjóra, 163 þús. kr., og skattendurskoðanda við skattstofu Reykjanesumdæmis, 237 þús. kr. Afgangurinn 645 þús. kr. skiptist á hin ýmsu embætti.
- 402 Fasteignamat. Framlag lækkar um 2 300 þús. kr., en fyrir næstu áramót mun lokið því umfangsmikla verki, sem unnið hefur verið við gerð nýs fasteignamats. Ekki er endanlega ákveðið, hvernig starfsemi fasteignamatsins verður háttáð í framtíðinni, en við gerð fjárlagaáætlunar hefur verið stuðzt við rekstrar-kostnað þjóðskrárinnar.
- 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Hér er um að ræða framkvæmd ákvæða í 23. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Heildar-kostnaður er áætlaður 4 684 þús. kr. án verðlagsuppbóta, en af þeirri upphæð eru 2 584 þús. kr. færðar af embætti húsameistara ríkisins og byggingadeild menntamálaráðuneytisins, sbr. athugasemdir við þær stofnanir. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaði að fjárhæð 2 100 þús. kr. vegna launa forstöðumanns, ritara og aðkeyptrar þjónustu ásamt ýmsum rekstrarkostnaði.

- 971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Fram kemur hækkun að fjárhæð 15 000 þús. kr. Áhættu-
iðgjald vegna ríkisábyrgða hækkar um 1 000 þús. kr. og hreint ríkisframlag um
14 000 þús. kr.
- 981 **Ríkisbifreiðar, framlag.** Á þessum lið verður 1 000 þús. kr. lækkun, þar sem
bifreiðum í eigu ríkisins hefur fækkað verulega í samræmi við framkvæmd
reglugerðar nr. 6/1970 um bifreiðamál ríkisins.
- 991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Framlag á þessum lið hækkar um 26 520 þús. kr., einkum
vegna áætlaðra yfirdráttarvaxta, 20 000 þús. kr., en nettóhækkun vaxtagreiðslna
af öðrum lánnum ríkissjóðs nemur 6 520 þús. kr. Um afborganir lána á þessum
lið visast til sérstakrar greinargerðar um lánahreyfingar hér að framan.
- 999 **Ýmislegt.** Þessi liður hækkar um 177 618 þús. kr., og er meginskýringin fólgin
í því, að hér er færð áætlunarupphæð vegna verðlagsuppbóta á laun í desember
nk. og á árinu 1971, 150 000 þús. kr., sem ætlunin er að skipt verði niður á
einstaka fjárlagaliði, áður en fjárlög verða afgreidd frá Alþingi, en í desember
mun áætlunargrundvöllur hafa skýrzt verulega. Þá er tekið inn áætlað 30 000
þús. kr. framlag til togaralána í samræmi við lög nr. 40/1970 um kaup á sex
skuttogurum. Hins vegar lækkar framlag til greiðslu á dagblöðum um 2 850
þús. kr., en nettóhækkun á öðrum liðum er 468 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 745 þús. kr., þar af 257 þús. kr.
vegna ráðningar fulltrúa og 488 þús. kr. vegna ýmiss rekstrarkostnaðar.
- 211 **Vegagerð.** Framlag til vegagerðar hækkar um 14 130 þús. kr., og er hér átt við
útgjöld önnur en endurgreiðslur lána, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.
Tekjustofnar vegasjóðs hækka um samtals 20 300 þús. kr., þannig að framlag
ríkissjóðs í þengri merkingu til rekstrar og framkvæmda lækkar um 6 170
þús. kr. Þessi lækkun skýrist af því, að framlag til Kísilvegjar, sem var 7 000
þús. kr. í fjárlögum 1970, færist nú yfir á lánahreyfingar, en styrkir til að bæta
þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. hækka um 830 þús. kr.
- 321 **Strandferðir, framlög.** Á liðnum kemur fram lækkun um 1 121 þús. kr. Bygg-
ingarstyrkir til flóabáta lækka um 2 121 þús. kr. vegna minnkaðrar greiðslu-
byrði lána, en framlag til Skipaútgærdar ríkisins eykst um 1 000 þús. kr. vegna
tækjakaupa, en rekstrarstyrkur er óbreyttur.
- 333 **Hafnamál.** Framlag hækkar um 4 788 þús. kr., þar af endurgreiðslur lands-
hafnalána 4 488 þús. kr. og til hafnarannsóknna og mælinga vegna tækjakaupa
300 þús. kr.
- 341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Hækkun á þessum lið nemur 456 þús. kr. vegna
ráðningar tveggja manna, annars vegna sjóslýsaránnsóknna og hins vegna toll-
endurgreiðslna í sambandi við skipaviðgerðir.
- 471 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 15 226 þús. kr., þar af 9 126 þús. kr. vegna
aukinna framkvæmda og 3 220 þús. kr. vegna afborgana af lánnum. Rekstrar-
framlag eykst því um 2 880 þús. kr.
- 651 **Ferðamál.** Framlag til Ferðamálasjóðs eykst um 4 000 þús. kr., inn er tekið
1 000 þús. kr. framlag vegna innlends kostnaðar við ferðamálaathugun á vegum
Sameinuðu þjóðanna, og aðrir liðir hækka um samtals 404 þús. kr. Samtals
er því um 5 404 þús. kr. hækkun að ræða til ferðamála.
- 652 **Veðurstofan.** Byggingarframlag hækkar um 5 000 þús. kr., og eðlilegar rekstrar-
kostnaðarhækkunir nema 960 þús. kr., eða samtals 5 960 þús. kr.
- 672 **Sérleyfissjóður.** Framlag hækkar um 1 000 þús. kr., sem er hækkun á sérleyfis-
gjaldi, og vegna þeirrar tekjuhækkunar fellur niður ríkissjóðsframlag til um-
ferðarmiðstöðvar, sem er 500 þús. kr. í fjárlögum 1970.

11 Iðnaðarráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 1 147 þús. kr., en vegna þess, að hér er um nýtt ráðuneyti að ræða, verða eftirtaldar breytingar á mannahaldi. Ráðinn er ráðuneytissjóri og ritari, við bætist hálf deildarstjórastaða og deildarstjórastaða breytist í skrifstofustjórastöðu, og nemur kostnaðaraukning af þessum sökum 754 þús. kr. Þá er nettóhækkun rekstrarkostnaðar 393 þús. kr.
- 202 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Framlag hækkar um 503 þús. kr., sem á rætur að rekja til flutnings í nýtt húsnæði á Keldnaholti.
- 203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Brúttóútgjaldaaukning er 1 849 þús. kr. vegna aukinna verkefna, en tekjur stofnunarinnar hækka að sama skapi.
- 205 **Stjórnunarnámskeið.** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á föstu námskeiðahaldi í stjórnun fyrirtækja á vegum iðnaðarráðuneytisins. Er kostnaður áætlaður 552 þús. kr. að frádregnum tekjum af þátttökugjöldum.
- 299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Liður þessi hækkar um 12 529 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Framlag til Iðnlánasjóðs hækkar um 5 000 þús. kr. og mótframlag vegna tækniástoðar frá Sameinuðu þjóðunum nemur 6 000 þús. kr. Þá er í stað þriggja liða úr fjárlögum 1970, þ. e. til útflutningsskrifstofu Félags isl. iðnrekenda, til að stuðla að nýjungum í iðnaði og til tækninýjunga, tekin inn fjárveiting til eflingar útflutnings á iðnaðarvörum, markaðskannana og til að stuðla að nýjungum og hagræðingu í iðnaði, og nemur sú hækkun 1 250 þús. kr. Loks er tekin inn fjárveiting til greiðslu vaxta af lánnum vegna perlusteinsrannsókna, 279 þús. kr.
- 301 **Orkustofnun.** Án verðlagsuppbótar á laun hækkar fjárveiting til Orkustofnunar um 1 446 þús. kr., og er þá miðað við eðlilegar verðlagshækkanir aðrar. Hins vegar er gert ráð fyrir samtals 42 500 þús. kr. lántöku til tækjakaupa og framkvæmda á vegum stofnunarinnar í drögum þeim að framkvæmda- og fjárflyunarátelun fyrir árið 1971, sem birt er sem fylgiskjal með fjárlagafrumvarpinu.
- 371 **Orkusjóður.** Fjárveiting hækkar um 14 444 þús. kr., sem skýrist þannig: Framlag til rafvæðingar í sveitum hækkar um 4 900 þús. kr. og mun það nægja til að ljúka áætlun um rafvæðingu býla, þar sem meðalfjarlægð milli býla, sem tengd eru veitum, er að hámarki 1,5 km. Þá hækka lánagreiðslur um 9 544 þús. kr.

12 Viðskiptaráðuneytið.

- 201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Á grundvelli óbreyttra niðurgreiðslna pr. magn-einingu er áætlað, að útgjöld ríkissjóðs til þessa málefnaflokks lækki um 5 000 þús. kr. sökum neyzluminnkunar.

13 Hagstofa Íslands.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting án verðlagsuppbóta hækkar um 765 þús. kr., fyrst og fremst vegna ráðgerðs flutnings í nýtt húsnæði.

14 Ríkisendurskoðun.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 1 041 þús. kr. hækkun. Gert er ráð fyrir ráðningu löggilts endurskoðanda og eins fulltrúa, samtals 593 þús. kr., en afgangurinn 448 þús. kr. stafar af nauðsynlegri endurnýjun á vélakosti og hækkun ýmissa rekstrargjalda.

Fylgiskjöl og skrá yfir stofnanir og sjóði.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN OG FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN

Drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1971 fyrir opinberar framkvæmdir.

Fjáröflun. Seðlabankinn hefur gert áætlun um fjáröflun til opinberra framkvæmda innan framkvæmdaáætlunar ársins 1971. Er gert ráð fyrir, að fjáröflun eftir venjulegum leiðum geti numið 300 m.kr. Ný spariskirteinalán eru áætluð 75 m.kr., endurgreiðslur af áður útgefnum spariskirteinalánum 160 m.kr. og PL-480 lán 65 m.kr. Er hér um nokkurn veginn jafn mikla fjáröflun að ræða og skv. áætlun yfirstandandi árs, er nemur 295 m.kr., og kemur munurinn fram á PL-480 láninu.

Auk ofangreinds lánsfjár, sem kemur til skiptingar milli ýmissa opinberra framkvæmda, hafa verið ákveðnar vegaf framkvæmdir fyrir lánsfé frá Alþjóðabankanum. Fjárhæðir þessara lána standa í sambandi við kostnaðarfjárhæðir framkvæmda, sem enn hefur ekki að fullu verið komið að niðurstöðu um. En gert er ráð fyrir 140.4 m.kr. láni til vegaf framkvæmdanna sjálfra á árinu 1971 og jafnframt 55.6 m.kr. láni til kaupa á vélum til vegaviðhalds, eða alls 196.0 m.kr. Alls nemur væntanleg fjáröflun til áætlunarinnar þannig 496 m.kr.

Skipting lánsfjár. Sem fyrr hefur verið lögð áhersla á að anna fjármagnsbörf til venjulegra ríkisframkvæmda beint af fjárlögum, og gengur því nú ekkert lánsfé skv. áætluninni til hinna almennustu framkvæmdagreina, að undanskildu hinu sérstaka átaki við lagningu hraðbrauta og byggingu lögreglustöðvar í Reykjavík, sem nú er á lokastigi. Fyrirferðarmestar í áætluninni eru framkvæmdir og rannsóknir á sviði orkumála, svo og til iðnaðaráforra tengdra hagnýtingu orkunnar. Fyrirætlanir hlutaðeigandi stofnana hafa í heild reynzt nema hærri fjárhæð en fjármagn til ráðstöfunar. Hafa þarfir þeirra framkvæmda, sem komnar eru á rekspól og útheimta skýrt afmarkaðar fjárhæðir, verið látnar sitja í fyrirrúmi, en öðrum liðum verður óhjákvæmilega að halda innan viðráðanlegra marka miðað við fjáröflun í heild. Þó hefur að sinni verið látið við það sitja, að heildarupphæð fjárþarfar sé talsvert hærri en áætluð fjáröflun. Á móti 300 m.kr. fjáröflun til skipta, auk lána Alþjóðabankans, stendur þannig fjárþörf að upphæð 339.6 m.kr. Við það bætist væntanleg fjárvöntun frá áætlun yfirstandandi árs 31.8 m.kr. (að slepptum 30 m.kr. vegna bygginga á vegum háskólans, sem ekki koma til framkvæmda í ár), þannig að alls þarf að sjá fyrir fjárþörf að upphæð 371.4 m.kr. Að meðtöldum lánum Alþjóðabankans nemur fjárþörfin í heild 567.4 m.kr.

Að svo miklu leyti, sem ekki verður dregið frekar úr framkvæmdum samkvæmt áætluninni, er því milli tveggja kosta að velja, annað hvort að fella niður einhverjar framkvæmdanna eða hluta þeirra, eða að öðrum kosti að taka nokkurn hluta framkvæmdanna inn á fjárlög. Hér fer á eftir yfirlit yfir fjárþörf hinna einstöku framkvæmdagreina, ásamt skýringum við hvern lið.

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	38.0
Landshafnir	12.0
Rafmagnsveitur ríkisins	40.0
Vatnsorkurannsóknir	20.0

	Millj. kr.
Jarðhitarannsóknir	15.0
Jarðboranir ríkisins	7.5
Jarðvarmaveitur ríkisins	1.7
Laxárvirkjun	118.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	63.2
Sjóefnarannsóknir	5.7
Rannsóknastofnun iðnaðarins	6.5
Lögreglustöð í Reykjavík	12.0
	<hr/>
Alls fjárförf 1971	339.6
Eftirstöðvar fjárfarfar 1970	31.8
	<hr/>
Alls fjárförf	371.4
Alþjóðabankalán til vegaf framkvæmda:	
Hraðbrautalagning	140.4
Viðhaldsvélar	55.6
	<hr/>
Alls	567.4

Reykjanesbraut. Fjáröflun til Reykjanesbrautar fer til endurgreiðslu skulda, sem á henni hvíla. Afborganir og vextir af lánum eru áætluð 60.5 m.kr., að meðtöldum greiðslum vegna Breiðholtskaflans. Nettótekjur af veggjaldi eru áætlaðar 15.7 m.kr., og af fé vegasjóðs greiðast 6.8 m.kr. Fjárvöntun er því 38.0 m.kr.

Í þessu sambandi skal þess getið, að framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi eru í áætlun yfirstandandi árs studdar 12 m.kr. lánsfjárframlagi, auk lána- fyrirgreiðslu utan áætlunarinnar að fjárhæð 5.5 m.kr. Tillögur munu væntanlegar frá framkvæmdanefnd vegarins um framkvæmdir árið 1971, til lúkningar yfirstandandi áætlunaráfanga, og því enn ekki tekin afstaða til þess, hvernig að fjáröflun til þeirra skuli staðið.

Landshafnir. Nokkuð af framkvæmdum, sem ráðgerðar voru í ár, frestast vegna bilunar á dýpkunarskipinu Gretti. Auk þeirra er gert ráð fyrir framkvæmdum við Rifshöfn og lítills háttar viðhaldsframkvæmdum við Þorlákshöfn, en nánari ákvarðanir um skiptingu fjárhæðarinnar, 12 m.kr., bíða frekara undirbúnings framkvæmdanna.

Rafmagnsveitur ríkisins. Á vegum Rafmagnsveitnanna eru ýmis áform á þróunum, þar sem fyrirliggjandi orkuver á Austurlandi og Norðurlandi vestra eru í þann veginn fullnýtt, og þörf er smærri aðgerða til aukinnar orkuöflunar á öðrum svæðum, auk venjulegrar útfærslu dreifikerfisins og styrkingar þess með stofnlánum. Nauðsynlegt er að raða þessum framkvæmdum skynsamlega á næstu ár og í sem beztu samræmi við tímabærni einstakra framkvæmda. Sökum nýlegra endurskoðana á kostnaðaráætlunum helztu mannvirkja eru áformin í nánari atriðum enn í deigluinni. Áætluð lánsfjárhæð, 40 m.kr., er því sett fram til bráðabirgða og þá jafnframt höfð hliðsjón af, hve þungt orkuframkvæmdir vega í áætluninni miðað við takmarkað lánsfé til ráðstöfunar.

Vatnsorkurannsóknir. Frumrannsókn helztu vatnasvæða og virkjunarstaða, sem nú er unnið að, er komið svo langt, að taka verður skrefið til hinna dýrari jarðfræðirannsókna með borunum o. þ. h. Í áætlun Orkustofnunar er gert ráð fyrir mestum útgjöldum til þriggja virkjanasvæða: Jökulsár á Fjöllum með áherzlu á Dettifossvirkjun, Austurlandsvirkjun, og þá Jökulsá á Fljótisdal sérstaklega, og Skaftárveitu til aukningar á vatnsmagni Tungnaárvirkjana og Búrfellsvirkjana.

Þrátt fyrir stóraukið fjármagn til rannsóknanna skv. fyrirhugaðri fjáröflun, verður að fresta einhverju þessara áforma eða draga úr fyrirhuguðum útgjöldum til þeirra allra.

